


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




## Fjörutíu ár frá einvígi aldarinnar

*Risaskákmót fyrir börn og eldri borgara verður haldið í Laugardalshöll á laugardag. Áætlað er að um 200 manns muni taka þátt.*

FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
14. september 2012
216. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Ísþjóðin til Finnlands

*Ragnhildur Steinunn ferðast víða með þátt sinn.*

**fólk** 38

## Missir af miklu

*Kolbeinn Sigþórsson fer í dag í aðgerð á öxl og spilar ekki meira á árinu.*

**sport** 34



## Vill koma Íslandi í skjól

*Umhverfisráðherra tekst á við ný og krefjandi verkefni í breyttu ráðuneyti.*

**föstudagsviðtalið** 12

**veðrið í dag**




**VÆTA** vestan- og norðanlands en að mestu leyti þurrt sunnan og austan til fram eftir degi. Heldur vaxandi vindur vestanlands síðdegis og bætir í úrkomu. Hiti 2 til 10 stig.

VEÐUR 4

# Skoða afnám ríkisábyrgðar

**Stjórnvöld eru farin að huga að því að afnema allsherjarábyrgð á bankainnstæðum. Hún hefur verið í gildi í fjögur ár. Ábyrgðin kostaði ríkissjóð 26 milljarða króna þegar innstæður Sparisjóðs Keflavíkur voru fluttar.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld eru farin að huga að því að draga til baka yfirlýsingu sína um ótakmarkaða ríkisábyrgð á innstæðum í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið. Yfirlýsingin hefur verið í gildi í tæp fjögur ár.

Yfirlýsing um ótakmarkaða ábyrgð á innlendum innstæðum var gefin út 6. október 2008, sama dag og neyðarlög voru sett í landinu. Þau lög gerðu innstæður að forgangskröfum og tryggðu því að eignir föllnu bankanna fóru fyrst í að mæta innstæðum áður en aðrir kröfuhafar fengu nokkuð fyrir sinn snúð.

Yfirlýsingin er ekki hefðbundin ríkisábyrgð heldur pólitísk yfirlýsing sem hefur fyrst og fremst þann tilgang að eyða ótta innstæðueigenda um að þeir fái ekki innstæður sínar greiddar ef banki lendir í greiðsluvanda. Ríkissjóður hefur þó þegar lagt út háar fjárhæðir á grundvelli hinnar pólitísku yfirlýsingar. Þegar innstæður Sparisjóðs Keflavíkur voru færðar til Landsbankans, og eignir hans dugðu ekki til að mæta þeim, þurftu skattgreiðendur að greiða 26 milljarða króna að vöxtum meðtöldum til Landsbankans.

**26** Ríkissjóður þurfti að greiða 26 milljarða króna þegar innstæður SpKef voru færðar til Landsbankans á grundvelli ríkisábyrgðarinnar.

Í nýlegri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) kemur fram að samþykki stofnunarinnar á ótakmarkaðri ríkisábyrgð á innstæðum á Íslandi sé „tímabundið og rennur út í árslok 2014“. Fréttablaðið óskaði eftir því við fjármálaráðuneytið að fá að vita hvort til stæði að afnema ábyrgðina.

Í svari þess kemur fram að „tímabært [sé] – burtséð frá væntanlegu frumvarpi – að huga að því á næstu misserum hvenær og með hvaða hætti yfirlýsingin verði dregin til baka, enda ætlunin frá upphafi að hún gilti tímabundið“.

-þsj /sjá síðu 8



**FLUTTUR** Óþekkti embættismaðurinn, eftir Magnús Tómasson, flutti úr garði á bak við Hótel Borg í gær og kom sér fyrir við Iðnó. Upphaflega átti verkið að vera á Arnarhóli en samkvæmt gamalli bókun mátti aðeins Ingólfur Arnarson prýða hólinn. Jón Gnarr borgarstjóri mun afhjúpa embættismanninn á nýja staðnum í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikari úr Game of Thrones:

## Leikstýrir í Þjóðleikhúsinu

**LEIKLIST** Norður-írski leikarinn Ian McElhinney leikstýrir Stefáni Karli Stefánssyni og Hilmi Snæ Guðnasyni í annað sinn í leikritinu Með fulla vasa af grjóti í Þjóðleikhúsinu.


IAN MCELHINNEY

„Þeir eru yndislegir náungar og það er mjög gott að vinna með þeim,“ segir McElhinney.

Tólf ár eru síðan Með fulla vasa af grjóti var síðast sett upp í Þjóðleikhúsinu.

“Strákarnir eru eldri en einnig betri og reyndari leikarar,” segir McElhinney.

McElhinney lék riddarann Barristan Selmy í fyrstu sjónvarpsþáttaröðinni af Game of Thrones og verður einnig í þeirri þriðju.

„Ég má ekki segja hvað gerist næst í þáttunum en í bókunum hverfur Barristan en snýr aftur. Þá verður hann í mun stærra hlutverki,“ segir norður-írski leikarinn.

-fb/sjá síðu 38

98 prósent Íslendinga myndu kjósa Obama í bandarísku forsetakosningunum:

## Nýtur hvergi meiri stuðnings en hér

**ALÞJÓÐASTJÓRNMÁL** Barack Obama nýtur hvergi meiri stuðnings til áframhaldandi setu á stóli forseta Bandaríkjanna en á Íslandi. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem unnin var fyrir bandarísku fréttastofuna United Press International og birt var í gær.

Kannaður var stuðningur við Mitt Romney, frambjóðanda repúblikana, og Barack Obama, frambjóðanda demókrata, í yfir 30 löndum um heim allan. Í könnuninni, sem náði til ríflega 26 þúsund manns í yfir 30 löndum, kemur fram yfirgnæfandi stuðningur við Obama utan Bandaríkjanna, sér í lagi í Evrópu.



Ísland trónir efst á listanum en hér nýtur Obama 98 prósenta stuðnings. Í sætunum þar á eftir, með 97 prósenta stuðning, koma Holland, Portúgal og Þýskaland.

Mitt Romney hefur bara vinninginn í einu landi, en í Ísrael nýtur hann stuðnings 65 prósenta aðspurðra. Næstmestur stuðningur við hann er í Pakistan, 41 prósent, þar sem umdeildar aðgerðir Bandaríkjanna í málefnum Pakistan og Afganistan, undir stjórn Obamas, hafa skaðað ímynd landsins.

- óká / sjá síðu 6









## SPURNING DAGSINS



*Tinna, mætir Guðmundur á Mýrum á hátíðina?*

„Hver veit, en þá gerum við okkur mat úr því.“

Tinna Ásgeirsdóttir er verkefnisstjóri barnabókmenntahátíðarinnar Úti í Mýri sem haldin er í sjötta sinn um helgina. Þemað í ár verður matur í barnabókum en í hinni klassísku barnabók Óðfluga eftir Þórarin Eldjárn er sagt frá Guðmundi á Mýrum sem borðar bækur.

Nýtt einstaklingsmiðað fríðindakerfi hjá Stöð 2 hefur verið tekið í notkun:

# Áskrifendur fá ýmsa afslætti

**VIÐSKIPTI** Stöð 2 hefur tekið í notkun nýtt fríðindakerfi sem er hið eina sinnar tegundar hér á landi. Með kerfinu geta áskrifendur Stöðvar 2 fengið ýmiss konar afslátt og fríðindi í gegnum kreditkort.

Áskrifendur geta gert Visa- eða Mastercard-kort sín og fimm önnur kort einstaklinga í fjölskyldunni að fríðindakortum Stöðvar 2. Með því fæst afsláttur frá samstarfsaðilum en grunnhugsunin er sú að hægt sé að umbuna hverjum og einum viðskiptavini eftir eðli viðskiptanna, því hver viðskiptavinur sé einstakur.

Þannig munu viðskiptavinir fá sjálfvirkan afslátt frá samstarfsaðilum, veltutengdan afslátt, afslátt eftir tíðni heimsókna, afslátt miðað við ákveðnar upphæðir, afslátt á afmælisdögum og fleira.

Meðal samstarfsaðila frá byrjun eru 10-11, Skemmtigarðurinn, OSushi, Bílaþvottastöðin Splash og Iceland Express. Samstarfsaðilum mun svo fjölga áfram.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir undirbúninginn hafa staðið yfir síðustu mánuði. Fríðindakerfið bjóði upp á mikla möguleika.



**PRESSA** Þriðja serían af sjónvarpsþáttaröðinni Pressu verður tekin til sýninga á Stöð 2 í október.

Yfirlýsing frá stjórn BHM:

## Launin ekki samkeppnishæf

**KJARAMÁL** Nýleg launahækkun forstjóra Landspítalans staðfestir að laun háskólamenntaðra sérfræðinga hjá ríkinu standast ekki samanburð við laun á almennum vinnumarkaði og laun í nágrannalöndum Íslands. Þetta er mat stjórnar Bandalags háskólamanna (BHM) sem sendi frá sér yfirlýsingu vegna launahækkunarinnar í gær.

Þá kallar stjórnin eftir því að launakjör sérfræðinga í opinberum störfum verði færð nær því að vera samanburðarhæf. **- mþl**



**BREIÐHOLTSLAUG** Borgin vill samstarf um heilsurækt.

Samstarf við Breiðholtslaug:

## Vilja heilsurækt í Efra-Breiðholti

**REYKJAVÍKURBORG** Auglýsa á eftir samstarfsaðilum fyrir Reykjavíkurborg um uppbyggingu heilsuræktar á svæði Breiðholtslaugar við Austurberg. „Engin líkamsræktarstöð er starfandi í Efra-Breiðholti. Slík uppbygging í tengslum við Breiðholtslaug hefur áður verið auglýst í kjallararými við Breiðholtslaug, svonefndum Undirheimum án niðurstöðu,“ segir í fundargerð skipulagsráðs Reykjavíkur. Auk þess sem auglýsa á að nýju eftir samstarfsaðilum er opnað á aðra kosti í uppbyggingu á lóð eða í grennd laugarinnar. **- gar**

6,7 milljónir deyja árlega:

## Dregur úr barnadauða

**SAMFÉLAGSMÁL** Stórlega hefur dregið úr barnadauða í heiminum undanfarin 22 ár, en 14 þúsund færri börn deyja daglega nú en árið 1990. Þrátt fyrir þetta deyja 19 þúsund börn undir fimm ára á hverjum degi.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Unicef, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Helmingur allra dauðsfalla barna á sér stað á Indlandi, í Nígeríu, Austur-Kongó, Pakistan og Kína en tíðni barnadauða er hæst í ríkjum Afríku sunnan Sahara.

„Lífum þessara barna mætti bjarga með bólusetningum, réttri næringu og grunnheilsugæslu,“ sagði Anthony Lake, framkvæmdastjóri Unicef í gær. **- þeb**

### Leit að fé á Norðausturlandi

1. Kelduhverfi við Gjástykki
2. Þeistareykir
3. Gæsafjöll suður að Mývatni
4. Fnjóskadalur
5. Flateyjardalur
6. Mývatnssveit






MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

# Umfangsminni leit eftir kindum í dag

**Fjár var leitað á Norðurlandi í gær eins og síðustu daga. Við Baldursheim í Mývatnssveit fundust fjórtíu dauðar kindur og óttast er að fleiri finnist næstu daga. Menn sofa kappklæddir og fara í blaut föt að morgni, segir leitarmaður.**

**BJÖRGUNARSTARF** Um þrjú hundruð björgunarsveitarmenn hjálpuðu til við fjárleit á Norðurlandi í gær, líkt og síðustu daga. Leitin verður umfangsminni í dag en síðustu daga og er gert ráð fyrir því að einhverjir leitarmenn fái hvíld eftir að hafa verið að störfum alla vikuna.

Aðgerðir gengu vel í gær og fannst nokkuð af fé. „Það fé sem hefur fundist er lifandi og í þokkalegu standi. Það gengur að vísu mjög illa að reka það á Þeistareykjasvæðinu. Það gefst fljótt upp, það er vont að reka, þungt færi og mikill snjór,“ segir Sigurður Brynjólfsson varðstjóri lögreglunnar á Húsavík. Þrátt fyrir að fé hafi fundist á lífi er ekki víst með ástand þess alls auk þess sem enn er talsverðs fjölda saknað.

Á fjórða tug fjár bóndans í Baldursheimi í Mývatnssveit var dreginn lifandi úr fönn í gær. Um fjörutíu kindur fundust hins vegar dauðar, en tjónið er hvað mest þar. Óttast er að fleiri kindur finnist dauðar næstu daga því betra er að finna lifandi fé en dautt.

Einn leitarmanna, Bryngeir Jónsson úr Mosfellsbæ, segir ástandið á fénu misjafnt. Menn hafi einbeitt sér þar til í gær að þeim slóðum sem lömbin hafa haldið sig síðan þau voru dregin frá ánum eftir að heiðin var smöluð nýverið. Í dag verði meiri áhersla á rollurnar, meiri líkur séu á að þær hafi lifað af en lömbin því þær leiti undir börð þar sem myndast holrými þótt snjó skafi yfir. Bryngeir kom reyndar annarra erindagjörða en að leita að kindum í snjósköflum. „Við komum hérna á mánudaginn fjórir félagarnir til að skjóta gæsir eins og við höfum gert í rúm tuttugu ár. Gæsatúrinn hefur breyst í leit að rollum og lömbum.“

Þá segir Bryngeir að ekki hafi hjálpað að rafmagnið hafi farið af bænum í þrjá sólarhringa. Rafmagnið hafi komið á að nýju í fyrrinótt en slegið út aftur eftir tólf tíma. Tæplega tíu stiga hiti sé inni í bænum og erfitt að þurrka fatnað leitarmanna. „Menn sofa kappklæddir og það er ekkert voðalega spennandi að fara í blaut föt aftur að morgni,“ segir hann.

Rafmagnsvinnu átti að ljúka að mestu í gærkvöldi, en stefnt var að því að síðustu bæirnir sem voru rafmagnslausir fengju rafmagn í gærkvöldi.

thorunn@frettabladid.is
gar@frettabladid.is



**Í AÐFLUGI** Keppni Airbus snýst nú um orku, nýtingu, heilbrigðan vöxt, aukna umferð, upplifun farþega og að vera samfélagsvænn. MYND/AIRBUS

Airbus blæs til keppni:

## 30.000 evrur eru í verðlaun

**MENNTAMÁL** Skorað er á námsmenn um heim allan að þróa nýjar hugmyndir til að gera flugiðnaðinn sjálfbærari í „Fly Your Ideas“-keppni flugvélaframleiðandans Airbus, sem haldin er annað hvert ár.

„Að þessu sinni fær sigurvegarinn ekki bara 30.000 evrur í verðlaun heldur einnig sérfræðinga frá frumkvöðlaeiningu Airbus á háskólalóðina hjá sér og vikukennslu í því hvað þarf til að vera alvöru frumkvöðull á sviði flugiðnaðar,“ segir í tilkynningu. **- óká**

Sjálfstæðismenn í borginni:

## Vilja skýringar á meiri kostnaði

**FJÁRMÁL** Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu í gær fram fyrirspurn vegna hækkana á launakostnaði borgarinnar.

„Í árshlutauppgjöri fyrir janúar til júní 2012 kemur fram að launakostnaður er einum milljarði fram úr áætlun,“ segir í tilkynningu frá borgarstjórnarflokknum. Í uppgjörinu hafi komið fram vanáætlanir og hækkanir vegna launakostnaðar. Hækkanir frá 2010 hafi verið 23 prósent.

„Flutningur málefna fatlaðra og kjarasamningar skýra aðeins hluta þessarar hækkunar og því er óskað nákvæmrar sundurliðunar á þessum breytingum, ásamt upplýsingum um þróun starfsmannafjölda á sama tíma.“ **- þeb**

Heimilis
GRJÓNAGRAUTUR




Alveg mátulegur
HVITA HUSID / SIA

Borgin kaupir lóðir við Reykjavíkurhöfn af Faxaflóahöfnum fyrir 528 milljónir:

# Íbúðir við gömlu höfnina í sjónmáli

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð samþykkti í gær kaup á lóðum á svokölluðu Mýrargötu- og slippsvæði af Faxaflóahöfnum fyrir 528 milljónir króna.

Með kaupunum á að skapast möguleiki fyrir 250 nýjar íbúðir á svæðinu milli Slipps og Sjóminjasafns sem reiknað er með að byggist fyrst upp. Síðan er möguleiki á allt að 250 íbúðum við Vesturbugt. Með öðrum stórum lóðum á svæðinu er rætt um allt að 1.000 íbúðir.

„Stefnan er að byggja þarna upp blandað svæði íbúða og atvinnustarfsemi sem nýtur nálægðar við höfnina. Um leið erum við að afmarka mjög skýrt að á svæðinu við Örfirisey og við Suðurbugt og Vesturbugt verði áfram sjávarútvegur og hafnarstarfsemi. Það land sem við ætlum að þróa undir íbúðabyggð fer yfir til borgarinnar með samningnum,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, segir ávinning þeirra vera að selja land sem þær geti ekki lengur notað.

„Faxaflóahafnir eru búnar að leggja í mikinn kostnað við að gera þessar lóðir byggingarhæfar. Með því að selja þær fæst fé sem dekkar þann kostnað,“ segir



**NÝR HAFNARBAKKI** Nýjar íbúðir kunna að setja mark sitt á gömlu höfnina í Reykjavík í náinni framtíð. Slippurinn verður áfram á sínum stað fyrst um sinn. MYND/GRAEM MASSIE ARCHITECTS

Hjálmar, sem jafnframt er formaður stýrihóps um nýtt rammaskipulag fyrir gömlu höfnina frá Sjóminjasafninu að Hörpu. Hann bætir við að það sé tæpast hlutverk Faxaflóahafna að vera umsvifamiklar í þróun íbúðahverfa og eigandi íbúðalóða. „Hlutverk Faxaflóahafna er hafnarþjónusta og þjónusta við hafnsækna starfsemi.“ **- gar**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 61066 09/12





75 ÁRA AFMÆLISRÁÐSTEFNA ICELANDAIR GROUP

# FRAMTÍÐARTÆKIFÆRI ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU

**Þriðjudaginn 25. september 2012, kl. 13:00–17:00 á Hilton Reykjavík Nordica**

**Icelandair Group gegnir lykilhlutverki í þróun og uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu. Í tilefni afmælisársins efnir félagið til ráðstefnu þar sem fjallað verður um stöðu greinarinnar og framtíðarmöguleika frá ýmsum hliðum af einstaklingum með ólíkan bakgrunn og sýn.**



**HR. ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS:**
**Áfangastaður á veraldarvísu**

Á undanförnum árum og áratugum hefur Ólafur Ragnar haft einstakt tækifæri til þess sem forseti Íslands að kynnast ólíkum skoðunum og viðhorfum til lands og þjóðar, meðal almennings og fjölmiðlafólks um allan heim og meðal helstu ráðamanna nær og fjær. Í erindi sínu mun hann greina frá reynslu sinni og sýn á þau áhrif sem sívaxandi áhugi á Íslandi hefur á sjálfsmynd þjóðarinnar og framtíð hennar sem ferðamannalands.



**MAGNEA ÞÓREY HJÁLMARSDÓTTIR,**
**FRAMKVÆMDASTJÓRI ICELANDAIR HÓTELANNA:**
**Upplifun, þjónusta og fagmennska í ferðaþjónustu**

Magnea gjörþekkir innviði hótel- og veitingareksturs hér á landi og hefur leitt félagið í gegnum miklar breytingar á undanförnum árum. Í erindi sínu mun hún stikla á stóru um helstu áskoranir sem nú blasa við ferðaþjónustu á Íslandi og nauðsynleg skref til að tryggja fyrsta flokks upplifun fyrir ferðamenn á Íslandi.



**EMILIANO DUCH,**
**FORSTJÓRI COMPETITIVENESS.COM Í BARCELONA**
**Leiðir til að auka hagnað í ferðaþjónustu**

Emiliano er náinn samstarfsmaður Dr. Michael Porter og einn helsti frumkvöðull og sérfræðingur heims í klasafræðum (e. cluster theory). Hann er gjörkunnugur aðstæðum íslenskrar ferðaþjónustu og hefur um árabil horft til möguleika greinarinnar í alþjóðlegri samkeppni.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON,**
**FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP:**
**Næstu skref eru mikilvæg**

Áhrif Icelandair Group á ferðaþjónustu í landinu eru mikil og næstu skref félagsins skipta máli fyrir alla sem starfa í greininni. Björgólfur mun fjalla um hvernig byggja á upp ferðaþjónustu á heimsmælikvarða á Íslandi og hvernig áframhaldandi uppbygging Icelandair Group mun styðja við það markmið. Hann mun einnig gera grein fyrir þeirri þróun sem hann telur nauðsynlega í íslenskri ferðaþjónustu og hvernig Icelandair Group getur lagt sitt af mörkum til að efla áfangastaðinn Ísland.



**GREGG ANDERSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI**
**HJÁ FERÐAMÁLARÁÐI NÝJA-SJÁLANDS:**
**Lærum hvert af öðru**

Fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu á Íslandi er það næstum eins og að líta í spegil að hitta kollega frá Nýja-Sjálandi. Gregg hefur starfað bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum við að markaðssetja ferðamannalandið Nýja-Sjáland og hann mun deila reynslu sinni og hugmyndum.



**SØREN ROBERT LUND, ARKITEKT:**
**Veturinn gerður vinsæll**

Þeir sem heimsótt hafa Kaupmannahöfn á undanförnum árum átta sig á því að Tívolí, sem áður var ávallt lokað á haustin, dregur nú að sér milljónir gesta yfir vetrarmánuðina. Søren Robert hefur stýrt hönnun og þróun skemmtigarðsins undanfarin 15 ár. Hann hefur áhugaverðar hugmyndir um það hvernig arkitektúr og hönnun geta breytt upplifun og ferðaþjónustu hér á Íslandi.

+ **Skráningargjald er 2.000 kr. og rennur óskert til Vildarbarna Icelandair.**
**Skráning fer fram á www.icelandairgroup.is**

**Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir.**

ICELANDAIR GROUP

## GENGIÐ 13.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 121,68 | 122,26 |
| Sterlingspund | 196,06 | 197,02 |
| Evra | 156,97 | 157,85 |
| Dönsk króna | 21,056 | 21,180 |
| Norsk króna | 21,154 | 21,278 |
| Sænsk króna | 18,399 | 18,507 |
| Japanskt jen | 1,5653 | 1,5745 |
| SDR | 187,34 | 188,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 217,5117

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dönsk og pólsk lögregluyfirvöld afhjúpuðu pólskt þjófagengi:

# Þjófarnir klónuðu stolna bíla

**DANMÖRK** Lögregluyfirvöld í Danmörku og Póllandi hafa afhjúpað pólskt þjófagengi sem stolið hefur að minnsta kosti 40 dýrum bílum í Danmörku.

Stolnum bílum var ekið til Póllands þar sem þeir voru „klónaðir“, að því er haft er eftir dönsku lögreglunni á fréttavef Jyllands-Posten. Þjófarnir fjarlægðu gamla kenninúmerið á grindinni og settu á nýtt auk þess sem sett var ný stýrislæsing í bílana og nýr kveikilás.

Í janúar á þessu ári stöðvaði lögreglan á Jótlandi tvo Pólverja á bíl með pólskum númeraplötum.



**BÍLAÞJÓFAR** Fjöldi Pólverja hefur verið dæmdur vegna stuldar á bílum í Danmörku.

Lögreglan komst að því að bíllinn hefði verið „klónaður“ og í framhaldinu hófst samvinna við pólsk lögregluyfirvöld. Aðalbækistöðvar þjófagengisins reyndust vera í bæ á landsbyggðinni fjarri stórum borgum.

Lögreglan fann ekki bara stolna bíla heldur einnig mikið magn varahluta og dýrra verkfæra.

Fjöldi Pólverja hefur verið dæmdur vegna málsins. Sá sem talinn er vera höfuðpaurinn kemur fyrir rétt í Danmörku nú í september. Skömmu eftir að þjófagengið var afhjúpað fækkaði stuldum á lúxusbílum og bílum handverksmanna verulega. Lögreglan bendir á að í þessum bransa komi hins vegar alltaf ný gengi. **- ibs**

Úrskurðaður í gæsluvarðhald:

# Í haldi vegna heimilisofbeldis

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms um framlengingu gæsluvarðhalds yfir manni sem er grunaður um ofbeldi gegn unnustu sinni.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa slegið unnustu sína með krepptum hnefa og slegið höfði hennar ítrekað í vegg þar til hún missti meðvitund. Við annað tilefni hrinti hann henni, sparkaði ítrekað í hana, reif gat á gallabuxur hennar og rak fingur upp í leggöng hennar. Hann er einnig grunaður um mörg önnur brot.



**SVARTA KEILAN** Passar ekki við Austurvöll að mati Alþingis.

Orðið við kröfu Alþingis:

# Mótmælaverk fjarlægt fyrir þingsetninguna

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg varð við kröfu Alþingis um að fjarlægja útilistarverkið Svörtu keiluna af Austurvelli fyrir setningu þingsins á þriðjudag.

Verkið er eftir Santiago Sierra sem gaf það til minningar um borgaralega óhlýðni. Svarta keilan var sett í geymslu um stundarsakir. Borgarráð frestaði í gær, að ósk sjálfstæðismanna, tillögu safnstjóra Listasafns Reykjavíkur um að listaverkið verði framvegis við suðvesturhorn Austurvallar. Alþingi er andvígt þeirri staðsetningu eins og fyrri staðsetningu verksins fyrir framan þinghúsið. **- gar**

Frumkvöðull kvaddur:

# Neil Armstrong borinn til grafar

**BANDARÍKIN** Tunglfarinn Neil Armstrong var lagður til hinstu hvílu í Ohio í Bandaríkjunum í gær. Stjórnmálamenn, vísindamenn og aðstandendur fjölmenntu á minningarathöfn í Þjóðardómkirkjunni í Washington. Á meðal þeirra sem héldu ræðu við athöfnina voru Charles Bolden, stjórnandi NASA, og Eugene Cernan en hann var tólfti, og síðasti, maðurinn til að ganga á yfirborði tunglsins.

# Fella út veigamikil atriði í fiskveiðistjórnunarfrumvarpi

**Trúnaðarmannahópur um endurskoðun frumvarps um fiskveiðistjórnun vill fella út tvö veigamikil atriði úr frumvarpi ráðherra. Fulltrúar stjórnarflokkanna vilja að markmiðum þeirra sé náð með öðrum hætti.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Trúnaðarmannahópur fulltrúa stjórnmálaflokkanna leggur til að 40/60 reglan svokallaða og 3 prósenta klípan verði ekki í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða. Með því er frumvarpi Steingríms J. Sigfússonar atvinnuvegaráðherra breytt á veigamikinn hátt.

Samkvæmt 40/60 reglunni áttu 40 prósent af aflamarki umfram ákveðin mörk að renna í leigupotta, en 60 prósent til útgerðarinnar. Mörkin sem kveðið var á um voru 202 þúsund tonn af þorski, 66 þúsund af ýsu, 50 þúsund af ufsa og 14 þúsund tonn af steinbít. Í greinargerð trúnaðarmannahópsins segir að sérfræðingar hafi talið að frumvarpsgreinin fæli í sér skerðingu á aflahlutdeild handhafa þeirra.

Hafrannsóknastofnun hefur sagt að árið 2016 kynni aflamark þorsks að verða komið í 300 þúsund tonn. Sé reglan inni í frumvarpinu þýðir það að 40 prósent af öllu umfram 202 þúsund tonn renni til ríkisins.

Frumvarpið gerði ráð fyrir því að þegar fiskiskip eða aflahlutdeildir skiptu um hendur yrði aflahlutdeild viðkomandi skips skert um 3 prósent og þeim ráðstafað varanlega í leigupotta. Þetta hefur verið nefnt 3 prósenta klípan.

Í greinargerðinni segir að gagnrýnt hafi verið að slíkt mundi draga úr umfangi ábatasamra viðskipta og hægja á hagræðingu. Þá sé hugtakanotkun óljós þegar kemur að flutningi og aðilaskiptum.

„Að mati hópsins ber að virða þau varnaðarorð sem komið hafa fram vegna mögulegra áhrifa klípunnar,“ segir í greinargerðinni. „Þá telur hópurinn að taka verði til endurskoðunar þau markmið sem liggja að baki ákvæðinu og stefna jafnframt að því að ganga eins skammt og hægt er í að setja hömlur á viðskipti með aflahlutdeild.“

Björn Valur Gíslason, VG, og Kristján L. Möller í Samfylkingu sátu í hópnum. Þeir gera athugasemdir við þessi tvö atriði og telja að tryggja verði að markmið þeirra náist með öðrum hætti. Björn Valur segir að það megi gera með stærri hluta í leigupottum. „Það verði þá fest í hlutdeild í upphafi sem þýði að það verði alltaf sama prósentutalan af aflaheimildum hvers árs sem fer í leigupotta. Það stækki og minnki eftir því hvernig heimildir aukist eða minnki í heildina.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



**FISKVEIÐAR** Verði fallið frá tillögum um 40/60 reglu og 3 prósenta klípu vilja stjórnarliðar hækka hlutfall aflaheimilda sem í upphafi fer í leigupotta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Deilt um kvótaþing

Sigurður Ingi Jóhannsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í hópnum, segir í athugasemdum að vel komi til greina að koma kvótaþingi á fót sem vettvangi útgerðaraðila til verslunar með aflaheimildir sem ekki teljist til beinna skipta. Það gæti stuðlað að gegnsæjum viðskiptum og raunhæfari verðmyndun á markaði.

Einar K. Guðfinnsson, sem sat í hópnum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, segir hins vegar að eðlilegt sé að falla frá hugmyndinni um kvótaþing, enda séu skiptar skoðanir um reynslu af kvótaþingi fyrri ára. „Til dæmis er ljóst að með tilkomu þess er úr sögunni sá möguleiki að útgerðarmenn innan einstakra byggðarlaga geti átt með sér viðskipti með aflaheimildir og tryggt að þær verði áfram nýttar í heimabyggð.“



**EINAR K. GUÐFINNSSON**


## Hefur þú prófað Stafgöngu?



**Grunntækni í stafgöngu kennd. Kennt hvernig á að nota stafina í sal og síðan er farið út og stafirnir prófaðir.**

- **Laugard.15. september**
- **Kl. 9:00-11:00**
- **Þjálfari Judit Rán**
- **Verð kr. 6.500**

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTUTÍÐ**
Það verður væta víða um land næstu daga, misjafnlega mikil þó og á misjöfnum tíma. Í dag verður að mestu leyti þurrt sunnan- og austanlands fram eftir degi en á morgun rignir víða þó líklega verði þurrt allra austast þar sem sést gæti aðeins til sólar.



**Á MORGUN**
Fremur hæg breytileg átt víða um land.

**SUNNUDAGUR**
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 26° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 20° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 26° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 17° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# HEILSA Í HAGKAUP

## AMINO ENERGY

Amino Energy er frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku. Tvær skeiðar á morgnanna í staðinn fyrir kaffið til að hressa þig við eða fjórar skeiðar fyrir æfingu til að gera æfinguna ennþá betri! Frábært til að drekka fyrir eða á brennsluæfingum sem teknar eru á tóman maga þar sem Amino Energy inniheldur BCAA amínósýrur og Glútamín. Allt þetta og aðeins 10 hitaeiningar í hverjum skammti! Hvort sem þú ert að byggja upp, passa mataræðið eða skera niður þá hentar Amino Energy fullkomlega!

**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**




**KYNNINGAR**
Í Skeifunni í dag og í Kringlunni á morgun laugardag.




**399KR**
VERÐ ÁÐUR 429.-

**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**




## ARTIC ROOT

betra líf - vilji - orka - lífsgæði - jákvæðni - einbeiting - framkvæmdarkraftur




**2.897KR**
VERÐ ÁÐUR 3.979.-

**PROFITT KYNNINGAR**
Í Garðabæ í dag og í Smáralind á morgun laugardag.

**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**




## BIO-KULT CANDÉA

hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.




**ARNAR OG ÍVAR VERÐA MEÐ KYNNINGAR**
Í dag 14. sept. 16-19 í Garðabæ
Laugardag 15. sept 14-17 í Skeifunni

**7.999KR**
VERÐ ÁÐUR 9.999.-




**HYDOXYCUT KYNNINGAR**
Í dag 14. sept. 15-18 í Skeifunni
Laugardag 15. sept 12-16 í Garðabæ

**NÝTT**




## NÝTT OG BETRA PRÓGASTRÓ

Inniheldur hinn öfluga DDS1 asidofílus sem er bæði gall- og sýruþolinn. Finndu muninn!

**NÝTT**




## NÝTT BLÁBERJA LGG

**399KR**
VERÐ ÁÐUR 464.-




## FITNESS POPP

Fitness poppkorn er framleitt með heitu loftstreymi við 200°C heitt loft, síðan er kókosolía hituð upp í 30°C og henni síðan úðað á poppkornið í litlu magni.

Gildir til 23. september á meðan birgðir endast.


24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú hafið nám en ekki lokið prófi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 43,8% |
| NEI | 56,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með eldhúsdagsumræðum á Alþingi?*

Segðu þína skoðun á Visir.is

vísir

Kattavinafélagið vill að Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður styrki Kattholt:

# Loka Kattholti ef fjárstyrkir fást ekki

**DÝRAVERND** „Útikettir eiga illa ævi og eru samfélaginu til vansæmdar,“ segir í bréfi Kattavinafélags Íslands til bæjaryfirvalda í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Í bréfinu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélögin um rekstur Kattholts, athvarfs fyrir heimilislausa ketti.

Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu en fyrrgreind þrjú eru með samstarfssamning við Kattholt. Þangað eru sögð hafa komið á bilinu 600 til 700 dýr á ári og búist við allt að 900 köttum á þessu ári. Um tíu til tuttugu prósent af þessum köttum eru talin vera úr sveitarfélögunum þremur.

„Tekjur fara minnkandi og framlög velviljaðra dýravina einnig. Nú er svo komið að félagið stendur ekki lengur undir rekstri Kattholts og sér fram á lokun athvarfsins innan tíðar komi ekki til opinber aðstoð við starfsemina og að öll sveitarfélög, sem félagið sér um að sinna heimilislausum köttum frá samkvæmt dýraverndunarlögum, greiði fyrir þá þjónustu sem veitt er í Kattholti,“ segir í erindi Kattavinafélagsins. - gar



**KETTLINGAR Í KATTHOLTI** Miklum kostnaði við rekstur Kattholts hefur fylgt viðvarandi tap hjá Kattavinafélaginu mörg undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skora á borgaryfirvöld:

# Vilja klukkur í stað stöðumæla

**REYKJAVÍK** Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg og Miðborgin okkar vilja láta kanna til hlítar möguleika á að taka upp bílaklukkur í Reykjavík í stað gjaldmæla.

Samtökin skora á borgaryfirvöld að koma á samstarfshópi borgarinnar og hagsmunaaðila í miðborginni sem myndi kynna sér betur kosti þessa fyrirkomulags. Samtökin héldu sameiginlegan opinn fund á þriðjudaginn um reynslu Akureyringa af svokölluðum bílaklukkum. - jhh

Bannað að móðga Mugabe:

# Dýrt rifrildi á landamærum

**SIMBABVE, AP** Svissneskur ferðamaður í Simbabve að nafni Thomas Fischer hefur verið sektaður um sem nemur 25 þúsund íslenskum krónum fyrir að móðga Robert Mugabe, forseta landsins.



ROBERT MUGABE

Fischer var fyrir rétti í norðvesturhluta Simbabve fundinn sekur um að hafa gagnrýnt Mugabe í rifrildi við landamæraverði. Fischer er sagður hafa sagt Mugabe „kunna að fara illa með fólk, sér í lagi útlendinga“.

Fyrr á þessu ári þurfti þarlendur sölumaður að dúsa tvo mánuði í fangelsi eftir að á farsíma hans fundust skrípamyndir af forsetanum. Þá var trésmiður handtekinn í febrúar eftir að hafa lýst efasemdum um að Mugabe hefði kraft í að blása upp blöðrurnar á 88. afmælisdag sinn. - óká

Dagens Nyheter í Svíþjóð:

# Nýtt persónufornafn bannað

**SVÍÞJÓÐ** Ritstjóri Dagens Nyheter, Gunilla Herlitz, hefur bannað starfsmönnum að nota nýja, hlutlausa persónufornafnið hen. Þetta nýja fornafn hefur verið notað í leikskóla í Svíþjóð í stað persónufornafnanna hon og han sem þýða hún og hann. Jafnframt hefur verið gefin út barnabók þar sem persónufornöfnin hon og han eru ekki notuð.

Ritstjórinn segir hen ekki geta komið í stað hon eða han í fréttum. Það geti þó í sumum tilfellum verið praktískt.

Það er jafnframt mat ritstjórans að fornafnið hen geti pirrað marga lesendur. -ibs

# Nær allir Íslendingar taka Obama fram yfir Romney

**Barack Obama nýtur hvergi meiri stuðnings utan Bandaríkjanna en á Íslandi. Í könnun á fylgi við forsetaframbjóðendurna bandarísku í öðrum löndum kemur fram að Obama njóti víðtæks stuðnings utan heimalandsins.**

**ALÞJÓÐASTJÓRNMÁL** Meðal kjósenda utan Bandaríkjanna er hvergi meiri stuðningur við forsetaframboð Barack Obama, sitjandi Bandaríkjaforseta, en á Íslandi. Mættu Íslendingar kjósa í bandarísku forsetakosningunum þá myndu 98 prósent þeirra kjósa Obama. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem bandaríska fréttastofan United Press lét vinna fyrir sig.

Kannað var viðhorf fólks í yfir þrjátíu löndum um heim allan til forsetaframbjóðendanna Mitt Romney og Barack Obama. Framkvæmdina önnuðust fyrirtækin CVOTER International og WIN-Gallup International.

Könnunin leiðir í ljós að Obama nýtur nokkuð víðtæks og almenns stuðnings um heim allan og sér í lagi í Evrópulöndum. Romney hefur ekki yfirhöndina nema í einu landi, Ísrael. Þar segjast 65 prósent kjósenda fremur vilja hann.

Næstmests stuðnings nýtur Obama svo í Hollandi, Portúgal og Þýskalandi, eða 97 prósenta.

Í Bandaríkjunum sjálfum er svo aftur miklu minni munur á milli frambjóðendanna, eða þrjú til fimm prósent.

„Þetta er áhugaverð staðfesting á því hvað hinar ólíku og margbreytilegu þjóðir Evrópu eru orðnar líkar hvað varðar hin almennustu og mikilvægustu pólitísk gildi og um leið hvað Bandaríkin eru orðin gerólík Evrópu,“ segir Jón Ormur Halldórsson, dósent við Háskólann í Reykjavík. Hann segir gífurlegan stuðning við Obama í Evrópu hins vegar ekki endilega tákna almenna hrifningu á embættisfærslum hans. „Þetta sýnir miklu frekar nánast algera andstöðu við pólitík af því tagi sem Romney er talinn standa fyrir í nánast öllum ríkjum Evrópu.“

Í könnuninni var einnig spurt hvort fólk í þessum löndum teldi að forsetakosningarnar í Bandaríkjunum snertu líf þeirra og töldu 63 prósent að svo væri. 29 prósent töldu áhrifin léttvæg og 9 prósent sögðust óviss. Þá var spurt hvort fólk myndi vilja fá að kjósa í bandarísku forsetakosningunum og 42 prósent sögðust gjarnan vilja það (46 prósent fólks undir þrítugu).

Jón Ormur telur aukna alþjóðavæðingu hins vegar tæpast munu gera að verkum að fólk fái að kjósa víðar en í sínu heimalandi. „Kosningar verða alltaf bundnar við einstök ríki og eru einkamál hverrar þjóðar þótt þær hafi áhrif annars staðar.“ olikr@frettabladid.is





**FRAMBJÓÐENDUR VESTRA** Þó svo að ekki muni nema þremur til fimm prósentum á forsetaframbjóðendunum Romney og Obama í Bandaríkjunum, er stuðningur við Obama afgerandi í flestum öðrum löndum. NORDICPHOTOS/AFP

> Þetta er áhugaverð staðfesting á því hvað hinar ólíku og margbreytilegu þjóðir Evrópu eru orðnar líkar hvað varðar hin almennustu og mikilvægustu pólitísk gildi og um leið hvað Bandaríkin eru orðin gerólík Evrópu.
>
> **JÓN ORMUR HALLDÓRSSON**
> DÓSENT VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK



**Fylgi við frambjóðendur utan Bandaríkjanna***

**Stuðningur við Obama:**

| | |
|---|---|
| Ísland | 98% |
| Holland | 97% |
| Portúgal | 97% |
| Þýskaland | 97% |
| Írland | 96% |
| Danmörk | 96% |
| Sviss | 95% |
| Frakkland | 95% |
| Finnland | 95% |
| Ítalía | 94% |
| Tyrkland | 94% |
| Brasilía | 93% |
| Rúmenía | 91% |
| Sádi-Arabía | 91% |
| Ástralía | 90% |

**Stuðningur við Romney:**

| | |
|---|---|
| Ísrael | 65% |
| Pakistan | 41% |
| Georgía | 36% |
| Makedónía | 30% |
| Kína | 29% |
| Líbanon | 26% |
| Írak | 20% |
| Indland | 19% |
| Kólumbía | 16% |
| Hong Kong | 15% |
| Kamerún | 15% |

**Könnun CVOTER/WIN-GALLUP dagana 20. ágúst til 5. september 2012 í völdum löndum í Evrópu, Asíu og Afríku, auk Norður- og Suður-Ameríku. Könnunin náði til 26.000 karla og kvenna utan Bandaríkjanna með skekkjumörk upp á 3,5 prósent.*






6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR



## BYRJENDAPAKKI

**MARLIN XT22RO 22LR RIFFILL MEÐ SJÓNAUKA**
500 Remington Cyclone skot, ól og Marlin riffilpoki fylgir.

**Góður pakki á aðeins**
**65.000 KR.**
Léttgreiðslur **10.834** KR. í 6 mán.



## GÆSAVEIÐIPAKKI

**BETTINSOLI ZEPHYR BLACK 26” VÖNDUÐ ÍTÖLSK GÆSABYSSA**
Gasskipt. Ólarfestingar, aukaþrengingar og vönduð taska. 100 stk. af 40g Win 12GA Superspeed EXT gæsaskotum fylgja ásamt Allen MAX 4 skotbelti, svartri Niggeloh byssuól og 6 gæsaskeljum með festijárnum.

**Vandaður kostur á aðeins**
**164.900 KR.**
Léttgreiðslur **27.484** KR. í 6 mán.

6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR



## GÆSAPAKKI FYRIR BYRJENDUR

**WINCHESTER SXP BLACK SHADOW PUMPA**
100 Win 12GA Sup. Speed EXT 40g gæsaskot fylgja ásamt Allen MAX 4 skotbelti og Winchester haglabyssupoka.

**Verð aðeins**
**99.485 KR.**
Léttgreiðslur **16.581** KR. í 6 mán.

6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR



**ALLEN MAX 4 SKOTBELTI**
**4.890 KR.**



**ALLEN MAX 4 SQUALL BAY TASKA**
**12.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
ullarnærfatnaður
**9.990 KR.**



**ALLEN MAX 4 HUNDAVESTI**
**9.990 KR.**

**WINCHESTER SUPER SPEED 40 g**
Vinsæl skot í gæsaveiði og frábær skot til andaveiða. Þessi skot hafa reynst afburða vel og fást í helstu haglastærðum. Þægileg 10 skota pakkning sem fer vel í vasa.
**1.390 KR.**






**DEVOLD ACTIVE**
ullarnærfatnaður
**9.990 KR.**



**BROWNING HIDALGO HAGLABYSSUPOKI**
**5.990 KR.**




**BUCK EXPERT GRÁGÆSAFLAUTA**
**4.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122637




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
MEIRA SKÚBB
vísir - oft á dag

# Ábyrgð tímabundin og rennur út 2014

**Stjórnvöld verða að afnema allsherjarábyrgð á innstæðum í síðasta lagi fyrir árslok 2014, samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Fjármálaráðuneytið telur tímabært að huga að því með hvaða hætti hún verður dregin til baka.**

**EFNAHAGSMÁL** Á næstu misserum verður hugað að því hvenær og með hvaða hætti yfirlýsing um ótakmarkaða ríkisábyrgð á öllum innlendum innstæðum verður dregin til baka. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið.

Ríkisstjórn Íslands gaf út yfirlýsingu þann 6. október 2008, sama dag og neyðarlögin voru sett á Íslandi, sem áréttaði að „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og útibúum þeirra hér á landi verða tryggðar að fullu“. Yfirlýsingin var endurtekin 3. febrúar 2009 og ítrekuð í desember sama ár. Þá var sagt: „yfirlýsingin verður ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefur sannað sig og þá verður gefinn aðlögunartími“.

Reynt hefur á ábyrgð ríkisins á innstæðum. Innstæður fallinna fjármálafyrirtækja hafa verið færðar til annarrar innlánsstofnunar ásamt eignum sem áttu að mæta þeim. Þar sem eignirnar hafa ekki dugað fyrir innstæðum, líkt og þegar innstæður Sparisjóðs Keflavíkur voru færðar til Landsbankans, hefur ríkið greitt það sem upp á hefur vantað. Í tilfelli Sparisjóðs Keflavíkur mun meðgjöfin kosta skattgreiðendur um 26 milljarða króna með vöxtum.

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að ríkisaðstoð við nýju bankana þrjá væri leyfileg, sem birt var í heild í síðustu viku, kemur fram að samþykki stofnunarinnar á ótakmarkaðri ríkisábyrgð á innstæðum sé „tímabundin og rennur út í árslok 2014“.

Í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort til standi að fella ábyrgðina úr gildi kemur fram að „það, hvort stjórnvöld dragi til baka yfirlýsingar um ábyrgð á öllum innstæðum er í raun óháð framgangi frumvarps um innstæðutryggingar. Hafin er sjóðssöfnun í nýju innstæðutryggingakerfi. Því er tímabært – burtséð frá væntanlegu frumvarpi – að huga að því á næstu misserum hvenær og með hvaða hætti yfirlýsingin verði dregin til baka, enda ætlunin frá upphafi að hún gilti tímabundið. […] Við undirbúning síðasta heildstæða frumvarps um innstæðutryggingar var sérstaklega tekið fram í minnisblaði til efnahags- og viðskiptanefndar að nauðsynlegt væri að taka yfirlýsinguna frá október 2008 til endurskoðunar ef frumvarpið stefndi í að verða að lögum.“

thordur@frettabladid.is



**ALLSHERJARÁBYRGÐ** Ríkisstjórn Geirs H. Haarde gaf út pólitíska yfirlýsingu um allsherjarábyrgð á innlendum innstæðum sama dag og neyðarlögin voru sett. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Margoft verið lagt fram frumvarp

Gylfi Magnússon, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, lagði fram frumvarp til nýrra laga um innstæðutryggingar í lok nóvember 2009. Það frumvarp varð aldrei að lögum. Eftirmaður hans í embætti, Árni Páll Árnason, lagði fram nýtt frumvarp um sömu mál í nóvember 2010. Það frumvarp varð heldur ekki að lögum.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra fer nú með málaflokkinn. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneyti hans verður ekki lagt fram nýtt frumvarp í haust. Ákveðið var að bíða eftir því hvað fælist í tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um innstæðutryggingar áður en ráðist yrði í slíkt.

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo - fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km*

Polo kostar aðeins frá 2.290.000 kr.

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda **13 - 16.** sept.



NÝSLÁTRAÐ 2012

LAMBALÆRI

**1.492**

ÁÐUR **1.798** KR/KG

# SLÁTURTÍÐIN ER HAFIN

## LAMBALIFUR

GOÐI



NÝSLÁTRAÐ 2012

37% AFSLÁTTUR

**295**

ÁÐUR **469** KR/KG

## LAMBAHJÖRTU



NÝSLÁTRAÐ 2012

**398**

GOÐI

## GRÍSAHNAKKI - ÚRB

MANGÓ/CHILLI

FERSKLEIKI KJÖTBANKINN FAGMENNSKA



50% AFSLÁTTUR

**999**

ÁÐUR **1.998** KR/KG

NÝBAKAÐ TILBOÐ

## TOSCANABRAUÐ

BAKAÐ Á STAÐNUM



50% AFSLÁTTUR

**175**

ÁÐUR **349** KR/STK

## KJÚKLINGABRINGUR - DANSKAR

900G




**1.398**

KR/PK

## CHEERIOS

2 PAKKAR 1,2 KG




**999**

ÁÐUR **1.198** KR/PK

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**MÓTMÆLT** Íbúar og aðrir mótmæltu kjarnorkuverinu í Kudankulam í Indlandi í gær. Einn lét lífið í mótmælum á mánudag, en fólk er mjög ósátt við byggingu kjarnorkuversins, sem Rússar eiga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðsókn í námsgreinar tengdar sjávarútvegi hefur aukist talsvert í skólum:

# Fleiri læra um sjávarútveg

**MENNTAMÁL** Aðsókn í námsgreinar tengdar sjávarútvegi hefur aukist merkjanlega á síðustu misserum. Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, segir þetta jákvæð tíðindi.

„Við sjáum vaxandi áhuga meðal ungs fólks. Í öllum helstu skólunum sem hafa boðið upp á námsgreinar tengdar hafinu er töluverð aukning í aðsókn fyrir haustið sem eru mjög jákvæð tíðindi,“ segir Þór.

„Undanfarið hefur einnig verið meiri umfjöllun en oft áður um tækifærin í sjávarútvegi og öllum greinum klasans, til dæmis líftækninni, matvælafræðinni, fiskeldinu og öðru. Það hefur örugglega haft sitt að segja,“ segir Þór.

Samkvæmt samantekt Íslenska sjávarklasans jókst aðsókn í haftengdar greinar um rösklega 40% á milli áranna 2011 og 2012. Nú stunda á bilinu 1.200 til 1.500 manns nám sem tengist þessu sviði en meðal námsgreina sem voru skoðaðar má nefna sjávarútvegsfræði, skipstjórn, fiskvinnslu og fiskeldi.

Þór segir að fyrirtæki sem tengjast sjávarklasanum hafi á síðustu árum haft áhyggjur af því að ekki væri til nægilega margt fólk menntað á þessum sviðum. „Það er að breytast núna. Við verðum þó að passa okkur á því að þetta verði ekki bara enn ein bólan. Við leggjum því áherslu á að fyrirtækin í greininni fylgi þessu eftir með því að sýna skólunum og nemendum áhuga með því að vera í sambandi við þessa aðila og bjóða þeim upp á verkefni.“ - mþl















**ÁRÁSIN FORDÆMD** Líbíumaður heldur uppi orðsendingu þar sem menn komu saman til að fordæma árásina á sendiráð Bandaríkjanna í Bengasí. „Fyrirgefið bandaríska þjóð, þetta er ekki hegðun okkar íslams og spámanns,“ segir á spjaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Viðbúnaður aukinn vegna árása í Líbíu

**Lið þungvopnaðra manna sem réðist á sendiráð Bandaríkjanna í Bengasí í Líbíu skákaði í skjóli mótmælenda sem mótmæltu óhróðursmynd um íslam. Árásirnar eru sagðar hafa verið þaulskipulagðar.**

**LÍBÍA, AP** Teknar voru upp auknar öryggisráðstafanir við sendiráð og sendiskrifstofur Bandaríkjanna um heim allan í gær. Viðbúnaðurinn er vegna árásanna á sendiráð Bandaríkjanna í Líbíu þar sem meðal annars voru drepnir sendiherra Bandaríkjanna og þrír bandarískir sendiráðsstarfsmenn.

Haft var eftir ónefndum yfirmanni öryggismála hjá bandarískum stjórnvöldum í gær að árásirnar á miðvikudag hefðu verið þaulskipulagðar og framkvæmdar af þungvopnuðum skæruliðum. Annars vegar hefði verið ráðist á sjálft sendiráðið og hins vegar á athvarf sem átti að vera leynilegt, í þann mund sem líbíska og bandaríska hermenn bar að til að aðstoða starfsfólk sem flúið hafði sendiráðið.

Wanis al-Sharef, aðstoðarinnanríkisráðherra í Austur-Líbíu, sagði í gær að grunur léki á að árásirnar hefðu verið í tilefni af því að ellefu ár væru liðin frá árásunum á Bandaríkin 11. september og að þeir sem að árásinni stóðu hefðu skákað í skjóli óbreyttra borgara sem saman voru komnir við sendiráðið til að mótmæla bandarískri óhróðurskvikmynd um íslamska trú.

Auk Chris Stevens sendiherra og hinna Bandaríkjamannanna sem létust, þá særðust um 30, bæði Líbanir og Bandaríkjamenn, í árásunum.

Þá upplýsti Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, í gær að bandaríska alríkislögreglan (FBI) hefði hafið rannsókn á dauða Bandaríkjamannanna sem létust í árásunum í Bengasí. Hann sagði bandarísk stjórnvöld vinna náið með stjórnvöldum í Líbíu að rannsókn málsins.



**STÝRA UMFERÐ** Öryggisverðir við sendiráð Bandaríkjanna í Manila, höfuðborg Filippseyja, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli vegna óhróðursmyndarinnar bandarísku, sem nefnist „Innocence of Muslims“ og var birt á netinu, héldu hins vegar áfram víða um heim. Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, lýsti því hins vegar yfir í gær að ekki yrðu heimilaðar neinar árásir á erlend sendiráð í Kaíró og kvað egypska þjóð hafna „ólögmætum aðgerðum“ sem slíkum. Morsi sagði í yfirstandandi heimsókn í höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel að hann hefði rætt við Barack Obama Bandaríkjaforseta og fordæmt árásirnar í Líbíu. Á sama tíma tókst mótmælendum við sendiráð Bandaríkjanna í Kaíró að klífa veggi sendiráðsins og skipta um stund út fána Bandaríkjanna fyrir svartan fána íslamista.

Í Dhaka í Bangladess stöðvaði lögregla í gær göngu mótmælenda þar sem slagorð voru kyrjuð og fáni Bandaríkjanna brenndur til að mótmæla óhróðursmyndinni. Þá sást þungvopnað lið hermanna og varða við sendiráð Bandaríkjanna í höfuðborg Filippseyja. olikr@frettabladid.is

Stefnt er á að leggja fram drög að frumvarpi til nýrra og mun ítarlegri náttúruverndarlaga á Alþingi í haust:

# Ráðuneyti óskar eftir umsögn um náttúruverndarlög

**UMHVERFISMÁL** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar nú eftir umsögnum um drög að frumvarpi til náttúruverndarlaga.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á náttúruverndarlögum og áætlað er að leggja það fram á Alþingi í haust. Meðal breytinga á fyrri lögum eru ítarlegri markmiðsákvæði en áður og eru settar fram nokkrar meginreglur sem leggja ber til grundvallar við framkvæmd laganna, þar á meðal nokkrar af helstu meginreglum umhverfisréttar.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að staða almannaréttar verði styrkt, náttúruminjaskrá skuli verða nýtt meginstjórntæki náttúruverndar á Íslandi, en ráðherra skal byggja ákvarðanir um friðlýsingar á framkvæmdaáætlun hennar. Þá verði sett af stað aukið samráð við gerð áætlana, en heimilt verður að ákveða friðlýsingu í samráði við landeiganda og viðkomandi sveitarfélag þótt ekki sé gert ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun.

Friðlýsingaflokkum verður fjölgað úr fjórum í níu og verða ákvæði um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda ítarlegri en í gildandi lögum. Þá fjallar sérstakur kafli um innflutning og dreifingu framandi lífvera. Einnig er kveðið á um sérstakan Náttúruverndarsjóð.

Frumvarpsdrögin voru unnin af Aagot V. Óskarsdóttur lögfræðingi. Þau byggja á Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, sem gefin var út á síðastliðnu ári að teknu tilliti til athugasemda er bárust um hana. **- sv**

### Úr fjórum í níu

**Flokkar friðlýstra svæða í núgildandi náttúrverndarlögum:**
Þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd og fólkvangar.

**Viðbættir flokkar samkvæmt nýju lögunum:**
Náttúruvé, óbyggð víðerni, landslagsverndarsvæði, náttúruminjar í hafi og starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis.



**ÖXARÁRFOSS** Lagðar eru til fjölmargar breytingar í frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BLEIKJA Í ELDI** Íslendingar leiða bleikjueldi í heiminum. MYND/GUÐBERGUR

Samstarf í rannsóknum:

## Rannsaka nýtt bleikjufóður

**RANNSÓKNIR** Fyrir stuttu hófst rannsóknaverkefni í samstarfi íslenskra, norskra og sænskra aðila með nýja samsetningu á fóðri í bleikjueldi en segja má að undanfari þess sé þróun og rannsóknir Matís, Hólaskóla og innlendra bleikjuframleiðenda með nýja próteingjafa og hráefni í fóðri.

Auk Matís og Hólaskóla koma að verkefninu tvær eldisstöðvar á Íslandi, norska fyrirtækið Polarfeed og ein norsk eldisstöð en í Svíþjóð taka þátt Sænski landbúnaðarháskólinn og ein eldisstöð. Verkefnið mun taka tvö ár. **- shá**

Í gæsluvarðhaldi í Svíþjóð:

## Pantaði nauðganir á börnum

**SVÍÞJÓÐ Fimmtugur karlmaður í Svíþjóð situr nú í gæsluvarðhaldi fyrir að hafa hvatt til nauðgunar á börnum. Greint er frá því á vef sænska ríkisútvarpsins að maðurinn hafi pantað hreyfimyndir af kynferðislegu ofbeldi gegn börnum á Filippseyjum.**

**Hinn handtekni greiddi filippseyskum konum fyrir að nauðga börnunum fyrir framan tölvur sínar á meðan hann horfði á heima í Svíþjóð.**

**Haft er eftir lögreglunni að þetta sé í fyrsta sinn sem komist hafi upp um einstakling í Svíþjóð vegna slíkra brota. Viðkomandi sé þó líklega ekki sá fyrsti sem stundi þess háttar. -ibs**

Njósnastofnun leitar hjálpar:

## Fræðimenn fást við netnjósnir

**BRETLAND, AP** Hluti verkefna nýstofnaðrar rannsóknastofnunar í Bretlandi er að fást við rafrænar ógnir, að því er breska ríkisstjórnin hefur upplýst.

Stofnunin er að hluta fjármögnuð af Upplýsingamiðstöð ríkisstjórnarinnar (*Government Communications Headquarters*, GCHQ) sem er stofnun sambærileg Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (*U.S. National Security Agency*) og fær úthlutað 3,8 milljónum punda, eða sem svarar tæpum 747 milljónum króna. Síðan á að kalla eftir liðsinni stærðfræðinga og tölvunarsérfræðinga í slagnum við netnjósnir og aðrar rafrænar ógnir. **- óká**



föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Svandís Svavarsdóttir** umhverfis- og auðlindaráðherra

# Vill koma landinu í skjól

**Svandís Svavarsdóttir** telur að samstarf milli ráðuneyta sé skynsamlegt fyrsta skref þegar kemur að Hafrannsóknastofnun. Virkjunarkostur í nýtingarflokki Rammaáætlunar á eftir langa leið áður en virkjað er, segir hún. *Svavar Hávarðsson* fékk að vita að ráðherra vill taka upp þráðinn í viðræðum ríkisins um kaup á Geysissvæðinu og að hún hefur áhyggjur af jarðhitanýtingu.



**ANNASAMUR VETUR FRAM UNDAN** Hefur djúpa sannfæringu fyrir því að hlutverk hennar sé að vera málsvari almennings og komandi kynslóða gegn háværum hagsmunaöflum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komandi haustþing mun verða annasamt fyrir Svandísi Svavarsdóttur, ráðherra umhverfis- og auðlindamála. Ráðuneytið hefur fengið ný og krefjandi verkefni með breytingum innan stjórnarráðsins. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er nú á hendi Svandísar og ný heildarlög um náttúruvernd koma til kasta þingsins svo snemma sem í október.

Á sunnudaginn er Dagur íslenskrar náttúru og af því tilefni spyr Fréttablaðið Svandísi um þau verk sem hennar bíða á næstu mánuðum.

### Nýtt ráðuneyti

*Þú tókst við nýju ráðuneyti um mánaðamótin – auðlindamálin eru að færast yfir til umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR). Þetta gefur ráðuneytinu meiri vigt, en er þessi breyting ekki meira í orði en á borði þar sem Hafrannsóknastofnun, langstærsta og mikilvægasta stofnunin, sat eftir á sínum gamla stað með sínar rannsóknir og ráðgjöf?*

Að mörgu leyti var Stjórnarráðið gamaldags og endurspeglaði atvinnuhætti fyrri tíma. Ráðuneyti sem tekur bæði til umhverfis- og auðlindamála er í takt við það sem er að gerast í fræðasamfélaginu og í stjórnmálunum um allan heim þar sem þetta er samtvinnað; ábyrg umgengni um náttúruauðlindir, sjálfbærni og umhverfismál. Hafrannsóknastofnun er auðvitað lykilrannsóknastofnun en þessi breyting sem við gerum felst í að opna leið á milli atvinnuvegaráðuneytis og auðlindaráðuneytis með því að bæði ráðuneytin eiga aðkomu að stjórn stofnunarinnar. Þetta er nýbreytni og sumir myndu vilja segja að þetta væru alveg ný vinnubrögð í stjórnarráðinu, þar sem hingað til hafa verið vissir múrar á milli.

Ég lít svo á að þótt Hafrannsóknastofnun sé enn þá undir fjárlagakafla atvinnuvegaráðuneytisins þá sé leiðin opin í fyrsta skipti; frá sjálfbærniviðmiðum, rannsóknum og ráðgjöf og yfir í ákvörðun um aflaheimildir sem atvinnuvegaráðuneytið annast úthlutun á. Þetta er nýtt og gaman að sjá hverju það mun skila. Menn hafa óttast breytingar. Hagsmunaaðilar hafa séð það sem neikvæða breytingu að auka veg umhverfisráðuneytisins. Það er hins vegar þeim í hag, sem nýta náttúrugæði, að auðlind sé nýtanleg inn í langa framtíð. Við þurfum að hafa sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi og því held ég því fram að þessir hagsmunir fari saman. Stjórnmálin og atvinnulífið þurfa að tileinka sér þessa langtímahugsun betur, og varpa fyrir róða skammtímahugsun og skyndilausnum.

*Umræðan um þetta mál snýst samt um hvað réði ferðinni; hvaða hagsmunir liggja þarna að baki? Mörður Árnason þingmaður hefur skrifað nýlega að skiptingin á milli ráðuneytanna tveggja hljóti að vera á þína ábyrgð og Steingríms J. Sigfússonar. Er það svo?*

Ég er ánægð með Mörð að halda þessu vakandi. Hann setur sig í þá stöðu að horfa mjög gagnrýnið á breytingarnar. Hann er þungavigtarmaður í umhverfisumræðunni og hans mat skiptir miklu máli. Þetta er ekki endanlegt fyrirkomulag; alveg klárlega ekki. Verkefnið núna hins vegar er að slípa til samstarf ráðuneytanna á þeim grunni sem liggur fyrir. Hafrannsóknastofnun er áfram staðsett þar sem ákvarðanir um nýtingu eru teknar, en það er á vissan hátt atvinnudrifin hugsun. Pólitík er eitt og veruleikinn stundum annar, því miður. Þá þarf að taka skref sem við verður ráðið. Mörgum þykja þau stutt og ég styð þá sem gera ríkari kröfur fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið en voru uppfylltar í þessari umferð. Ég held hins vegar að þetta sé skynsamlegt fyrsta skref.

*Hver tók ákvörðunina um þessa skiptingu, svo ég spyrji aftur?*

Allar þessar breytingar voru unnar af ráðherranefnd sem í sátu ég, Steingrímur, Oddný sem fjármálaráðherra vegna breytinga á fjármála- og efnahagsráðuneyti, Össur, auk Jóhönnu sem stýrði nefndinni. Það er því ekki hægt að segja að einhver einn hafi tekið ákvörðunina, heldur stendur ríkisstjórnin að baki þessum breytingum.

### Ramminn

*Umsýsla Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er nú á hendi þíns ráðuneytis. Forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni nauðsynlegt að ljúka því sem fyrst. Má ekki skilja orð hennar sem svo að frekari tilfærslur verði ekki á tillögunni sem var lögð fyrir þingið?*

Tillagan er í raun óbreytt frá því sem hún var á síðasta þingi. Hún felur í sér tvær breytingar á grundvelli athugasemda sem komu fram í umsagnarferli síðasta haust. Það eru Þjórsárvirkjanir í bið og þrjár virkjanir á hálendinu í bið. Þetta er gert af ólíkum ástæðum, en þó töldum við í báðum tilvikum, ég og Oddný Harðardóttir, sem lagði málið fram sem iðnaðarráðherra, að skoða þyrfti tiltekin mál betur vegna allra þeirra athugasemda sem bárust. Fyrir Þjórsá voru það óviss áhrif á fiskgengd sem leiddu til að ekki þótti rétt að setja Þjórsá í nýtingarflokk nema ákveðnum spurningum yrði svarað. Þegar kemur að Skrokköldu og Hágöngum þarf að kanna betur áhrif á víðernaupplifun og nábýli við Vatnajökulsþjóðgarð. Það verða þá verkefni næstu verkefnastjórnar að skoða þetta tvennt og aðra kosti sem settir voru í biðflokk. Við töldum mikilvægt að þær breytingar sem við gerðum vörðuðu ekki endanlega flokkun á neinum virkjanahugmyndum, heldur að endanleg ákvörðun byggði á ákvörðun verkefnastjórnar á hverjum tíma. Okkar ósk snerist fyrst og síðast um frekari rannsóknir, sem fylgja biðflokki.

Tillagan felur í sér stóra áfanga fyrir náttúruvernd. Með Norðlingaöldu í verndarflokki, þá höfum við loksins möguleika til að stækka friðlandið í Þjórsárverum, sem hefur verið baráttumál náttúruverndarhreyfingarinnar í 40 ár. Við eigum þarna möguleika á að vernda Torfajökulssvæðið í heild sinni. Þá er lagt til að setja Gjástykki, Bitru, Brennisteinsfjöll og fleiri svæði í verndarflokk, þar sem í raun væri stigið stærra skref í þágu verndar náttúru Íslands en áður hefur verið stigið. Fjöldi svæða fer í biðflokk og nokkur í nýtingu á grundvelli þeirrar tillögu. Ég er hins vegar þeirrar persónulegu skoðunar að komið sé nóg. En það er ekki sú skoðun sem skiptir máli hér heldur ferli sem á sér langan aðdraganda og miðar að því að ná sátt á milli andstæðra póla; að ná jafnvægi á milli veikrar raddar náttúruverndar gegn hinni sterku, og oft ríkisstyrktu, rödd ágangs og virkjanahugmynda. Að ná einhvers konar jafnvægi þarna á milli er dýrmætt.

> Það lá alltaf fyrir að þó að ákvörðun væri tekin um að virkjunarhugmynd færi í nýtingarflokk, þá væri sú ákvörðun ekki trygging fyrir því að viðkomandi svæði yrði nýtt.

### Stíga þarf varlega til jarðar

*Hvað með jarðhitanýtinguna?*

Ég hef mjög miklar áhyggjur af jarðhitanýtingunni. Í aðdraganda hrunsins fórum við allt of hratt. Jarðhitaauðlindina þarf að umgangast af mikilli yfirvegun. Efasemdir hafa vaxið um að hægt sé að líta á hana sem sjálfbæra auðlind og að nýtingarmöguleikunum ljúki eftir einhverja áratugi. Við þessar spurningar verðum við að staldra og fá haldbær svör. Eins skortir svör um losun brennisteinsvetnis; bæði í nágrenni við höfuðborgarsvæðið og Hveragerði og fyrir norðan nálægt dýrmætum náttúrusvæðum og uppbyggingarsvæðum í ferðaþjónustu. Augu fólks eru að opnast fyrir því að ekki verður haldið áfram án svara við þessum álitaefnum. Þetta á við þær virkjanir sem þegar eru byggðar en ekki síður þær sem áætlað er að byggja. Um þetta er fjallað í texta Rammaáætlunar og það er mikilvægt að þingið sé upplýst um þetta og að þó að virkjunarhugmyndir séu settar í nýtingarflokk þá verði þær ekki nýttar fyrr en búið er að fá þessi svör.

*Þannig að virkjunarkostur í nýtingarflokki þýðir ekki að það sé öruggt að þar rísi virkjun?*

Nei. Nýtingarflokkur þýðir að það megi nýta en ekki að það eigi að nýta. Hins vegar lendir sá kostur inni á skipulagi en þá eru samt eftir mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar á þeim grunni. Ég held að það sé það mörgum spurningum ósvarað um jarðhitann og ekki hægt að ganga inn á þau svæði gagnrýnislaust. Varúðarsjónarmiðin hverfa ekki þó að Rammaáætlun sé lokið, þau verða til eftir sem áður. Það lá alltaf fyrir að þó að ákvörðun væri tekin um að virkjunarhug-

mynd færi í nýtingarflokk, þá væri sú ákvörðun ekki trygging fyrir því að viðkomandi svæði yrði nýtt. Það sem breytist við Rammaáætlun er að í stað þess að landið sé allt í nýtingarflokki, þá er það bara skilgreindur hluti þess. Það er í raun stórkostlegt fyrir náttúruvernd því við höfum alltaf verið í varnarbaráttu. Að verja hvert svæði. En þarna er töluverður hluti landsins kominn í skjól.

**Réttmætar áhyggjur**

*Orkugeirinn hefur af því áhyggjur að tilfærsla auðlindamála þýði að öll áherslan verði á vernd svæða, sem mætti annars virkja, en nýtingarmöguleikum ýtt til hliðar. Eru þessar áhyggjur ekki réttmætar?*

Jú, og kannski er það bara gott. Þegar maður upplifir mikla andstöðu, eins og ég hef upplifað reglulega í minni ráðherratíð við að láta náttúruna eða samfélagið njóta vafans, þá hugsa ég að menn séu að finna fyrir mörkum sem þeir hafa ekki fundið fyrir áður. Það kallar á öflug viðbrögð. Þá er ég þess minnug að þegar mótstaða er við það að bresta þá er reiðin og spennan oft mest. Þá gildir að byggja sínar ákvarðanir á upplýsingum og bestu fáanlegri þekkingu. Það reyni ég að gera og hef engan áhuga á að fara í stríð við einn eða neinn. Ég hef hins vegar verið tilbúin að taka þennan slag og ætla að gera það áfram.

*Átökin um íslenska náttúru og íslenskar auðlindir eru kannski hatrammari en áður. Það lætur mjög hátt í þröngum hagsmunahópum en hvað um hagsmuni almennings?*

Almannahagsmunir eiga sjaldnast sæti við borðið. Það er enginn stóll fyrir umboðsmann almannahagsmuna. Það er hins vegar hlutverk stjórnmálamannsins að hafa þau sjónarmið í fyrirrúmi. Samtalið við hagsmunaaðila er gríðarlega mikilvægt og fyrir því þarf ég að vera vakandi. Í öllum þessum samtölum þarf ég að fylla marga stóla þar sem ættu að sitja talsmenn almannahagsmuna og komandi kynslóðir. Ég verð að tryggja að þær raddir séu háværar við borðið. Ef mér tekst það ekki er ég ekki að rækja mitt hlutverk. Ég hef ekki umboð kjósenda, eða alþingis sem ráðherra, til að semja um þá niðurstöðu sem þóknast þeim sem hæst láta.

**Helsta auðlindin**

*Náttúran er helsta auðlind ferðaþjónustunnar. Hvernig eigum við að takast á við það verkefni að vernda náttúruna um leið og við ætlum að selja hana?*

Ég hef áhyggjur af þessu, satt að segja. Við Íslendingar tökum þessum möguleikum tveim höndum og stefnum á milljón ferðamenn. Kannski ættum við að finna hámark sem við ráðum við og tryggja svo að náttúran þoli þann fjölda. Ég óttast að mörg svæði þoli ekki mikið meira og að upplifun ferðamanna verði þess vegna neikvæð. Það þýðir að þetta fólk kemur ekki aftur og talar jafnvel gegn því við aðra að heimsækja Ísland. Það er lykilatriði að við áttum okkur á því að náttúran er auðlind, og að náttúruvernd er þess vegna auðlind. Höldum því samt til haga að menningarlífið á líka sinn þátt í þessari uppsveiflu. Það er þó ljóst að við þurfum að setja meira fjármagn í uppbyggingu ferðamannastaða, þjóðgarða og friðlýstra svæða. Við leggjum áherslu á þetta í fjárfestingaráætlun fjárlagafrumvarpsins sem nú er til meðhöndlunar Alþingis. Mín skoðun er sú að í því felist viðsnúningur og aukinn skilningur stjórnvalda á þessum þætti. Við þurfum þó að gera miklu betur.

**Geysir**

*Hvaða skoðun hefur þú á frumkvæði landeigenda við Geysi og hugmyndum um gjaldtöku til að standa undir framkvæmdum og þjónustu í þjóðgörðum og á öðrum friðuðum svæðum?*

Ég hef alltaf verið efins um sérstaka gjaldtöku inn á tiltekin svæði. Í mínum huga er varhugavert að einkaaðilar rukki inn á náttúruperlur; enda ekki tryggt að það sé gert til að byggja svæðið upp heldur til að auka ágóða þeirra sömu einkaaðila. Hins vegar verðum við að finna leið til sækja fjármagn til þeirra sem náttúrunnar njóta. Ýmislegt hefur verið nefnt; gistináttagjald og nefskattur á gesti okkar. Önnur leið hefur verið nefnd í fjölmiðlum; að taka upp náttúrupassa. Erlendur ferðamaður sem er gestur á Íslandi þyrfti að hafa slíkan passa en Íslendingar greiddu þetta sama gjald með sköttum. Þetta má ræða.

Hvað varðar Geysissvæðið sérstaklega þá fagna ég því að landeigendur eru að koma sér upp félagi. Það verður þá skýr viðmælandi gagnvart ríkinu. Þess utan kom mér á óvart, þegar ég settist í stól umhverfisráðherra, að Geysissvæðið væri ekki í almannaeigu. Ég hef sagt það áður og segi það aftur

> Í öllum þessum samtölum þarf ég að fylla marga stóla þar sem ættu að sitja talsmenn almannahagsmuna og komandi kynslóðir.

að svæðið ætti að vera í eigu þjóðarinnar. Ég tel það eðlilegasta fyrirkomulagið að ríkið ætti svæðið. Það voru viðræður í gangi um það árið 2008 sem skiluðu ekki niðurstöðu. Við þurfum að taka þann þráð upp aftur.

**Fleiri stórmál**

*Ný náttúruverndarlög verða stórt mál á haustþingi, og byggja á Hvítbókinni svokölluðu – vinnu sem þú settir af stað. Er samstaða um málið í ríkisstjórn?*

Já, ég tel svo vera. Heildarendurskoðun náttúruverndarlaga er eitt af því sem er nefnt í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það var almenn ánægja, tel ég, með Hvítbókina. Ég held að allir sjái að endurskoðun laganna snýst um að koma skikki á hluti sem hafa ekki verið í lagi. Ótalmargt er þar undir; við erum að styrkja náttúruminjaskrá og friðlýsingarferlið og hlutirnir verða skilvirkari þannig að markmið náist frekar. Við bætum inn inngripsheimildum og styrkjum stöðu sérstakra náttúrufyrirbæra og fleira. Almannarétturinn er styrktur og við tökum inn meginreglur umhverfisréttar eins og varúðarregluna. Þar tryggjum við að ákveðin meginsjónarmið séu lögð til grundvallar allri ákvörðunartöku er varðar umgengni um íslenska náttúru; ekki síst við framkvæmdir. Eins að ábyrgð þess sem veldur skaða sé skýr.

Frumvarpið er stórt og metnaðarfullt, en ég vonast til að geta mælt fyrir málinu í október. Ég legg mikla áherslu á að þetta nái fram að ganga og held að engin sérstök ljón séu í veginum ef þingið er starfhæft.





FÍTON / SÍA

ÞÚ

GÆTIR DOTTIÐ Í LUKKUÞVOTTINN!

Í völdum 2 kg pökkum af **MILT** þvottadufti eru lukkumiðar sem innihalda glæsilega vinninga.

Kauptu MILT þvottaduft og þú gætir dottið í lukkuþvottinn!

Whirlpool þvottavél og Philips straujárn frá Heimilistækjum, veglegir balar með frábærum þvotta- og hreinsiefnum eða inneign í Skemmtigarðinn í Smáralind.

MILT
mjöll frigg

Án ofnæmisvaldandi efna
Án efna sem sitja eftir í tauinu
Sérþróað fyrir íslenskt vatn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kjöraðstæður eru fyrir aðildarviðræður við ESB:

## Besti tíminn

Íslensk umræða um Evrópusambandið (ESB) snýst að mestu um hversu mikil upplausn ríkir innan sambandsins. Stóryrtir andstæðingar þess að aðildarferli Ísland fái að klárast með þjóðaratkvæðagreiðslu leggja línurnar með einföldunum, dómsdagsvísum og þjóðrembu. Þeim tókst meira að segja að láta kosningar um forseta Íslands snúast um ESB. Sigurstranglegur frambjóðandi þurfti meira að segja að þvo af sér aðildarsinnastimpil sem sitjandi forseti klíndi á hann með því að líkja inngöngu í sambandið við það að leigja herbergi í brennandi húsi.

SKOÐUN



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Vandamál ESB er vissulega risavaxið. Þar var skuldavandi einkabanka og óráðsía einstakra ríkja gerð að yfirþyrmandi vandamáli heillar heimsálfu. Alls nema skuldir Evrulandanna samanlagt 88,2 prósentum af vergri landsframleiðslu þeirra, langt frá 60 prósenta markinu sem sett var í Maastricht-skilyrðunum sem ríki þurfa að uppfylla til að geta tekið upp evru sem gjaldmiðil. Fjórtán lönd innan sambandsins uppfylla ekki þetta skilyrði. Hagvöxtur innan evrusvæðisins er neikvæður, atvinnuleysi 11,3 prósent og verðbólga sums staðar mikil. Enn getur brugðið til beggja vona og tilvera þess er langt í frá meitluð í stein. En standi sambandið erfiðleika sína af sér er ljóst að það mun verða mun sterkara á eftir.

Það eru líka batamerki að eiga sér stað í Evrópu. Samþykkt þýska stjórnlagadómstólsins á því að stofnun stöðugleikasjóðs evrusvæðisins, ESM, samræmist þýsku stjórnarskránni hefur lægt öldur á mörkuðum álfunnar. Tilkynningu Evrópska seðlabankans um áætluð kaup á ótakmörkuðu magni skuldabréfa sem útgefin hafa verið af stórskuldugum evrusvæðisins var einnig vel tekið. Fjárlagahalli á Ítalíu og Portúgal hefur verið að dragast saman og írska ríkið fór í vel lukkað skuldabréfaútboð fyrr á þessu ári. Og evran, sem fjórðungur alls gjaldeyrisvaraforða heimsins er geymdur í, styrkist dag frá degi um þessar mundir.

Og þegar lítið auðlindarríkt eyríki, sem hefur náð að minnka fjárlagahalla sinn úr 13 prósentum af vergri landsframleiðslu niður í nánast engan, snúið miklum samdrætti upp í stöðugan nokkurra prósenta árlegan hagvöxt, endurskipulagt bankakerfið sitt, náð verðbólgu niður og minnkað atvinnuleysi í 4,4 prósent, bankar upp á og vill inn þá lítur það vel út fyrir ESB. Það sýnir styrkleika út á við.

Þessi staða gerir það að verkum að samningsaðstaða Íslands gagnvart sambandinu hefur líkast til aldrei verið betri. Ef kröfur okkar um fullt forræði yfir stýringu veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu, um að landið verði allt skilgreint sem svæði norðurslóðalandbúnaðar og að sambandið aðstoði okkur við afnám hafta svo við getum tekið fyrr upp evru en ella eiga einhvern tímann eftir að nást í gegn þá er það núna, þegar ESB er veikt fyrir.

Því er það augljóst hagsmunamál fyrir þjóðina alla, sem á skilið að fá að kjósa um besta mögulega samning sem við getum fengið við sambandið, að ljúka yfirstandandi viðræðum. Þá getur hún tekið upplýsta ákvörðun um hvernig hún vilji haga framtíð sinni í kjörklefa. Þjóðin á rétt á því að taka þessa ákvörðun sjálf og hún á rétt á því að gera það á grundvelli besta mögulega samnings sem hægt er að ná við ESB. Það er ólíðandi að þröngur hópur sérhagsmunaafla ætli sér að taka þann ákvörðunarrétt af henni. Það má einfaldlega ekki gerast.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skilyrt heyrn

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, kvartaði yfir því í eldhúsdagsumræðum að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefði ekki minnst á Evrópusambandið í ræðu sinni. Fannst honum það sérkennilegt þar sem í orði væri það „eitt helsta stefnumál ríkisstjórnarinnar að ganga í Evrópusambandið“. Þessi gagnrýni er sérkennileg í ljósi orða Jóhönnu um afnám gjaldeyrishafta. „Spurningin um framtíðargjaldmiðil þjóðarinnar og möguleika á aðild



Íslands að Evrópusambandinu spilar síðan sterkt inn í þessa mikilvægu umræðu.“ Var Bjarni að pissa þegar Jóhanna sagði þetta, eða er heyrn hans skilyrt þegar kemur að ESB?

### Væl vinarins

Guðni Ágústsson á vin. Sá hringdi í hann á dögunum og hafði allt á hornum sér; Íslendingar ætluðu að opna landhelgi sína á ný fyrir Bretum og Spánverjum og fara að flytja inn lambakjöt. Guðni sagði frá símtalinu í Morgunblaðinu í gær og tók undir með hinum kvartsára vini.

### Staðreyndir þvælast fyrir

„Engum manni í Nýja-Sjálandi dytti í hug að flytja þar inn landbúnaðarvörur úr kjöti eða mjólk,“ sagði Guðni í grein sinni. Þarna talar fyrrum ráðherra landbúnaðar sem ætti að hafa yfirgripsmikla þekkingu á málinu. Þó ekki meiri en Google, en örsnögg leit þar sýnir okkur að árið 2011 fluttu Nýsjálendingar inn kjötvörur fyrir tæpan 171 milljón nýsjálenskra dollara, um það bil 17 milljarða íslenskra króna.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Allir við sama borð

Menntamál



**Guðbjartur Hannesson**
velferðarráðherra

Í dag er haldið hringþing um menntamál innflytjenda. Þar koma saman fulltrúar þeirra fjölmörgu aðila sem koma að málaflokknum til að skapa samræðuvettvang, meta stöðuna og leggja drög að sameiginlegri stefnu og forgangsröðun.

Á síðasta áratug tvöfaldaðist hlutfall innflytjenda á Íslandi, fólk víðs vegar að úr heiminum sem kom ekki einungis hingað til að vinna heldur til að hefja nýtt líf með öllum þeim breytingum sem því fylgja; að flytja, ný menning, nýtt tungumál og allt ókunnugt og glíman við stjórnsýsluna oft og tíðum erfið.

Tölfræðin sýnir að innflytjendur skrá sig síður í framhaldsskóla en Íslendingar og enn færri ljúka námi. Það gefur vísbendingar um að ekki sé verið að mæta þörfum þeirra í menntakerfinu og því mikilvægt að þeir sem koma að þessum málaflokki leiti leiða til að tryggja að þessi hópur sitji við sama borð og aðrir og njóti sömu tækifæra til virkar þátttöku í samfélaginu. Þannig spornum við gegn þeirri þróun sem við sjáum víða í nágrannalöndum okkar, þar sem önnur kynslóð innflytjenda hefur farið halloka í samfélaginu og stéttaskipting hefur myndast.

Við viljum búa í samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri og komið er til móts við hvern einstakling svo hann geti verið virkur samfélagsþegn. Við tryggjum aðgengi fyrir fatlað fólk, læknisþjónustu fyrir veika og með sama hætti verðum við að styðja innflytjendur nægilega vel til að

> Við viljum búa í samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri og komið er til móts við hvern einstakling…

tryggja að þeir njóti sömu tækifæra til þess að vera virkir þegnar í íslensku samfélagi.

Á hringþingi um menntamál innflytjenda er ætlunin að fjalla um málefni þessa hóps á öllum skólastigum, frá leikskóla til fullorðinsfræðslu, en um samstarfsverkefni er að ræða meðal fjölda aðila sem koma að málefnum innflytjenda. Það er von mín að sú vinna sem þar fer fram verði fyrsta skref í átt að því að viðurkenna þá miklu þekkingu, reynslu og menningu sem hefur komið með innflytjendum til landsins og tryggja að allir sitji við sama borð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Draumur um margs konar mjólk

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Um daginn las ég frétt um að „mjólkin“ seldist óvenju vel. Það er kannski dálítið táknrænt að hér á landi megi með góðri samvisku setja ákveðinn greini á mjólkina, því það er eiginlega bara ein ákveðin til.

Ég játa að ég eigi mér draum um að dag einn geti ég valið úr mörgum tegundum af mjólk. Jafnvel að ég geti stundum keypt erlenda mjólk. En slíkt draumur er ekki allra.

Í tveimur greinum eftir dr. Ólaf R. Dýrmundsson, landsráðunaut Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap og landnýtingu, sem birtar voru í Bændablaðinu í sumar og snemma hausts, var vikið að stöðu nokkurra búgreina í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Almenni boðskapurinn með greinunum var sá að landbúnaður í þessum ríkjum væri víða stórskaddaður eftir ESB-inngönguna. Sumpart er sú niðurstaða byggð á samtölum við menn og staðhæfingum sem erfitt getur verið að sannreyna eða hrekja, en stundum koma þar fram beinharðar tölur, og sumar þeirra má draga í efa.

Ólafur segir m.a.: „Mjólkurframleiðslan virðist standa traustum fótum í Póllandi en hefur dregist mikið saman í hinum löndunum frá 2005. Mest kemur af mjólk og mjólkurafurðum frá Þýskalandi inn á þá markaði. Þannig hefur mjólkurframleiðslan minnkað um 50% í Ungverjalandi.“

Svo vill til að til eru opinber gögn um þessa hluti. Samkvæmt tölum evrópsku hagstofunnar Eurostat var framleiðsla mjólkur í Ungverjalandi um 2 milljónir tonna árið 2003 (seinasta heila árið áður en Ungverjar gengu í Evrópusambandið) en hún var komin niður í um 1,7 milljónir tonna árið 2010. Það er vissulega lækkun, en upp á 15% en ekki 50%.

Í annarri grein, fyrr í sumar, dregur Ólafur saman reynslu sína af landbúnaðarkerfi Evrópusambandsins og spyr nokkurra staðreyndahlaðinna spurninga. Hann spyr dæmis: „Hvers vegna dróst framleiðsla svínakjöts á Möltu saman um nær 50% á fyrstu fimm aðildarárunum á liðnum áratug?“

Þetta er ágætis spurning, vandinn er sá að uppleggið í henni virðist ekki rétt. Samkvæmt tölum frá Eurostat dróst framleiðslan saman úr 9,8 milljónum tonna árið 2003 í 8,5 milljónir árið 2008. Það er vissulega lækkun, en upp á 13%, en ekki 50%.

Áfram spyr Ólafur „Hvers vegna er framleiðsla sykurs úr sykurrófum liðin undir lok í Bretlandi og á Írlandi?“ Ræktun á sykurrófum hefur vissulega liðið undir lok á Írlandi, eftir að þarlend stjórnvöld hættu að styrkja hana, en samkvæmt gögnum frá Eurostat voru hins vegar framleiddar 7,3 milljónir tonna af sykurrófum í Bretlandi á síðasta ári. Miðað við þetta eru Bretar fjórðu stærstu ræktendur á sykurrófum í ESB og samkvæmt tölum frá samtökum breskra sykurframleiðenda, British Sugar, framleiddu Bretar 1,2 milljónir tonna af hrásykri úr sykurrófum á síðasta ári. Fullyrðingar um endalok sykurgeirans þar í landi virðast því stórlega ýktar.

Það breytir því ekki að eflaust má finna órangar tölur sem sýna að ESB-aðild hafi einhvern tímann komið illa út fyrir einhvern í einhverju landi. Eitt þarf samt að hafa á hreinu: það getur ýmislegt gerst sama hvort menn eru í Evrópusambandinu eða ekki. Rollum hefur fækkað í Noregi, samt eru Norðmenn ekki í ESB. Rollum hefur fjölgað í Svíþjóð, samt eru Svíar í ESB. Margar tölur geta sagt margar sögur.

Ef menn fara um lönd og safna einungis saman sögum af bændum sem missa viðskipti til einhvers annars lands þá fá þeir þá heildarmynd að opinn markaður með landbúnaðarvörur leggi allt í rúst. En á móti hverri slíkri sögu er saga um einhvern annan bónda sem fær meiri viðskipti.

Og þá sögu, sögu þeirra sem grætt hafa á því að hafa fengið að selja vörur sínar víðar en í einu landi, mætti alveg segja líka.

Auðvitað er ekki hægt að halda því fram að allir íslenskir bændur, eða allir matvælaframleiðendur, muni verða ríkir á inngöngu í ESB. Kannski er ólíklegt að Skólaosturinn eigi eftir að sigra Frakkland undir vöruheitinu „Fromage d‘Ecole Islandais“. En hvað vitum við? Á frjálsum markaði eru það neytendur sem ákveða. Og það er fínt fyrirkomulag. Ég vil sjálfur ákveða hvers lenskar vörur ég kaupi.

Ég á mér draum. Um margs konar mjólk.

> Ef menn fara um lönd og safna einungis saman sögum af bændum sem missa viðskipti til einhvers annars lands þá fá þeir þá heildarmynd að opinn markaður með landbúnaðarvörur leggi allt í rúst. En á móti hverri slíkri sögu er saga um einhvern annan bónda sem fær meiri viðskipti.

## AF NETINU

### Sparnaðarlausn fyrir heimilin

Það má ekki gleymast að fjárfesting í húsnæði er hluti af sparnaði heimila. Sá sparnaður ásamt lífeyrisréttindum og frjálsri séreign er án nokkurs vafa algengasti sparnaður Íslendinga.
Það er rökrétt að leyfa fólki að nýta séreignasparnaðinn til að greiða niður húsnæðisskuldir sínar. Það er ólíklegt að ávöxtun á lífeyrissparnaðinum nái að vera jafn vaxtakostnaði húsnæðislána til lengri tíma. Íslendingar hafa líka lært það af biturri reynslu að sama hvert árferðið er fara skuldirnar ekki. Eignir geta bólgnað út eða horfið en skuldirnar eru alltaf til staðar.

http://www.pressan.is

**Guðlaugur Þór Þórðarson**

### Smali skammar ketti

Meðan sjónvarpið sýndi umræðu um stefnu ríkisstjórnarinnar, sá ég stefnuræðu José Manuel Barroso fyrir Evrópusambandið á þingrás BBC. Hann var byrjaður þegar ég kom að skjánum og ekki hættur er ég fór klukkutíma síðar að sinna öðru. Samt var karl eldhress og skóf ekki utan af hlutunum. Þið eigið ekki fyrst að samþykkja eitthvað einróma á fundi og segja svo þremur tímum síðar í sjónvarpi, að þið séuð andvígir, sagði hann. Víðar en á Íslandi reyna menn að smala köttum. Þeim sem segja eitt í Bruxelles og annað heima í eldhafinu. Þegar tilefni gefast, eru menn kallaðir aumingjar víðar en við Austurvöll.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**



# Grímsstaðir og opin stjórnsýsla – bréf til Steingríms J. Sigfússonar

Stjórnsýsla



**Jón Þórisson**
arkitekt



**Lára Hanna Einarsdóttir**
þýðandi

Á ríkisstjórnarfundi þann 12. júlí sl. var lagt fram minnisblað Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins varðandi erindi Huangs Nubo og fyrirtækisins Zhongkun, sem áformar að kaupa eða leigja Grímsstaði á Fjöllum.

Huang Nubo hefur lýst áhuga sínum á að gera hluta Grímsstaða að „þjóðgarði“, byggja þar lúxushótel og smáhýsi fyrir kínverska auðmenn, auk þess að reka á svæðinu golfvöll, hestabúgarð og loftbelgjaútgerð, svo fátt eitt sé nefnt af því sem fram hefur komið um áætlanir hans á hálendinu.

Í minnisblaði ráðuneytisins er umsókn Zhongkun Europe ehf. um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 138/1994 um búsetu stjórnarmanna reifuð og: „Í ljósi þeirra víðtæku undanþágu sem nú þegar er í gildi[…]taldi ráðuneytið ekki mögulegt að setja sem skilyrði að stjórnarmaður yrði að hafa búsetu á Íslandi.“ Einnig: „Þá hefur ráðuneytið í öllum tilvikum fallist á að veita undanþágur hafi verið eftir því sóst. Hafa undanþágur m.a. verið veittar til kínverskra ríkisborgara…“

Þegar minnisblaðið var gert opinbert sendum við erindi til ráðuneytisins með beiðni um afhendingu gagna um undanþágur sem veittar hafa verið um búsetuskilyrði stofnenda einkahlutafélaga. Vísuðum við til upplýsingalaga og óskuðum eftir að fá afhent öll erindi, lögfræðiálit og minnisblöð tengd afgreiðslu slíkra umsókna. Þá óskuðum við eftir yfirliti yfir þá einstaklinga sem hafa fengið undanþágur frá lögunum, hverjir sóttu um undanþágur fyrir þá og kennitölur þeirra.

Svar ráðuneytisins barst 20. ágúst. Í því er beiðni okkar hafnað með vísan til þess að upplýsingalög veiti rétt til aðgangs að tilteknu máli og að það feli í sér að ekki sé hægt að „…óska eftir aðgangi að upplýsingum um ótiltekinn fjölda mála“.

Við sendum ráðuneytinu nýtt erindi, enn með vísan til upplýsingalaga. Í ljósi þess að fyrri beiðni okkar þótti of almenn báðum við nú um upplýsingar um undanþágur sem veittar höfðu verið kínverskum ríkisborgurum eingöngu, enda er þess sérstaklega getið í minnisblaðinu að ótalinn fjöldi þeirra hafi fengið slíka undanþágu. Þá báðum við um afrit af yfirliti viðkomandi málaskrár.

Þann 30. ágúst hafnar ráðuneytið beiðni okkar þar sem erindið sé of almennt eða eins og segir í svarinu: „Þrátt fyrir að beiðni um aðgang sé þrengd með vísan til kínverskra ríkisborgara, skortir enn á að beiðnin sé nægilega tilgreind við tiltekið mál.“ Einnig: „Þá skal tekið fram að upplýsingaréttur almennings nær aðeins til þeirra gagna sem eru fyrirliggjandi hjá stjórnvöldum, en afgreiðsla erinda um undanþágur er ekki aðgreind eftir ákveðnu þjóðerni hjá ráðuneytinu.“ Þó var tiltekið í minnisblaðinu að undanþágur hafi verið veittar til kínverskra ríkisborgara.

> Það er okkar skilningur að ekkert í lögum banni afhendingu þeirra gagna sem við viljum fá…

Það vekur spurningar um gæði stjórnsýsluákvarðana ef þær eru annars vegar grundvallaðar á tilteknum gögnum (í þessu tilviki gögnum um ákveðnar undanþágur, sbr. minnisblaðið) sem svo í öðru samhengi eru talin svo almenn að ekki sé hægt að ná utan um þau í skilningi upplýsingalaga. Þá vekur það spurningar um þann hug sem liggur að baki svarinu að erindinu er synjað, að því er virðist vegna þess að það er heimilt að synja því – en ekki vegna þess að það sé óheimilt að veita upplýsingarnar. Til að bæta gráu ofan á svart er klykkt út með loforði um aðgang að gögnum ef „beiðni er nægilega tilgreind, t.d. við málsnúmer“ en í sama bréfi er því hafnað að veita aðgang að gögnum þar sem málsnúmer koma fram.

Við gætum farið lögboðnar leiðir og kært málið til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál upp á von og óvon. Ef það brygðist gætum við biðlað til umboðsmanns Alþingis.

Hin leiðin er að gera þriðju tilraun hjá ráðuneyti þínu og, í stað þess að vísa til laga, minna á stefnu þessarar ríkisstjórnar, loforð um opna og gagnsæja stjórnsýslu og að málið gefi stjórnvöldum gott tilefni til að efna þau loforð.

Það er okkar skilningur að ekkert í lögum banni afhendingu þeirra gagna sem við viljum fá aðgang að. Frá okkar bæjardyrum séð er það orðhengilsháttur og þvergirðingur að fela sig á bak við þá staðhæfingu að ekki sé um „tiltekið mál” að ræða. Málið er nægilega „tiltekið” til að vera grundvöllur ákvörðunar um að veita Huang Nubo og tveimur starfsmönnum hans undanþágu frá lögum. Hvers vegna er þá ekki hægt að afhenda gögnin sem ráðuneytið byggir þessa ákvörðun á jafnvel þótt það sé samkvæmt bókstaf laganna ekki skylda?

Í ljósi þess að ríkisstjórnin samþykkti í samstarfsyfirlýsingu sinni, að „…beita sér fyrir opinni stjórnsýslu, auknu gagnsæi og lýðræðisumbótum…“ er það von okkar að þú endurskoðir ákvörðun ráðuneytisins og opinberir þau gögn sem liggja til grundvallar því að veita Huang Nubo og félögum leyfi til að stofna íslensk félög, stjórna þeim og úthluta þeim íslenskum kennitölum.

Við minnum á að þetta mál er umdeilt og því nauðsynlegt að allar ákvarðanir stjórnvalda í málinu séu skýrar og skiljanlegar og þannig verði komið í veg fyrir vangaveltur um að annarlegir hagsmunir liggi að baki ákvörðunum.




# Hin hliðin frá Húsavík

Stjórnsýsla



**Pálmi Pálmason**
fyrrv. skrifstofustjóri sýslumannsins á Húsavík

Mikið hefur verið fjallað um ráðningu sýslumannsins á Húsavík og þar hafa ýmsar yfirlýsingar og stór orð fallið. Umræðan hefur verið mjög einhliða. Vegna þessa tel ég rétt að fram komi að ég er ekki málkunnugur Ögmundi Jónassyni eða tengdur honum á nokkurn hátt.

### Hæfir umsækjendur

En þetta mál snýst fyrst og fremst um fólk sem sótti um starf sem það hafði áhuga fyrir og menntun til að sinna. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi sem skrifstofustjóri embættisins að vinna með Svavari Pálssyni í u.þ.b. átta ár, en ég hætti störfum í maí sl. Svavar kom til starfa sem fulltrúi sýslumanns árið 2004 og fljótlega var hann orðinn staðgengill sýslumanns. Árið 2009 var Svavar settur sem sýslumaður af Rögnu Árnadóttur, þáverandi dómsmálaráðherra, þar til hann var skipaður um síðustu áramót. Hann hafði þá verið settur í embætti alls ellefu sinnum! Þessa óvissu lét hann yfir sig ganga allan þennan tíma og sinnti sínu starfi af mikilli fagmennsku og trúmennsku.

Enginn hefur borið brigður á það að Svavar uppfylli algjörlega kröfur um menntun til starfsins. Enginn hefur bent á mistök eða slæleg vinnubrögð hans sem setts sýslumanns, heldur þvert á móti, framganga hans hefur þótt til mikillar fyrirmyndar. Með þessum orðum er ég ekki að kasta rýrð á kærandann í málinu, Höllu Bergþóru Björnsdóttur, því við hjá embættinu þekktum hana að góðu einu.

Skipaður sýslumaður uppfyllir menntunarkröfur, hann hefur einnig mjög yfirgripsmikla reynslu og þekkingu á starfseminni sem fram fer í embættinu. Hvernig er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að kærandinn sé hæfari en sá er ráðinn var sem er fullkomlega hæfur? Það hafa vissulega vaknað spurningar hversu vel kærunefnd jafnréttismála þekki til starfsemi sýslumannsembætta.

### Jafnréttismál?

En sú spurning hlýtur að vakna, af hverju að henda út starfsmanni sem hefur sinnt starfinu í á þriðja ár og staðið sig með einstökum sóma bæði sem embættismaður og sem persóna? Af því hann er karl? Gildir reglan um jákvæða mismunun án tillits til aðstæðna? Ég stend í þeirri meiningu að tilgangur jafnréttislaganna hafi fyrst og fremst verið að stuðla að jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði almennt en ekki vera haldreipi í baráttu hæfra einstaklinga um einstakar forstöðumannsstöður hjá ríkinu.

### Áhrif á rekstur

Í viðtali við Morgunblaðið sunnudaginn 8. september segir Halla Bergþóra: „Í meðmælabréfi starfsmanna embættisins á Húsavík var t.d. gefið í skyn að væntanlega myndi koma til uppsagna kæmi einhver annar inn fyrir settan sýslumann sem ég er ekki sammála og hefði getað andmælt hefði ég fengið færi á.” Sem fjármálastjóri embættisins í 16 ár get ég fullvissað lesendur um það að annaðhvort var um að ræða að fá hækkun á fjárheimild til embættisins sem þó er almennt úti lokað á niðurskurðartímum, minnka starfshlutfall starfsmanna eða segja upp starfsmanni ef ráðning hennar hefði gengið fram.

> Ég stend í þeirri meiningu að tilgangur jafnréttislaganna hafi fyrst og fremst verið að stuðla að jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði almennt en ekki vera haldreipi í baráttu hæfra einstaklinga um einstakar forstöðumannsstöður hjá ríkinu.

### Hæfnismat er heildstætt

Nú hefur margsinnis komið fram í fjölmiðlum að kærandinn sé hæfari en sá er skipaður var. Hér skal leiðrétt að kærunefndin komst að þeirri niðurstöðu að umsækjendur væru a.m.k. jafnhæfir eða „stóðu nokkuð jafnt að vígi varðandi hlutlæga þætti efnismatsins”. Hin svokölluðu „huglægu” skilyrði um starfshæfni, mannleg samskipti, andlegt atgervi, samstarfshæfni, eiginleika og færni, sem sett eru sem skilyrði nr. 9-12 í auglýsingunni um starfið og öllu skipta þegar á vinnustað er komið, voru ekki metin af kærunefndinni. Aðeins sagt að ráðherra skyldi nú fara varlega í að meta það!

### Georg Bjarnfreðarson

Í mjög góðri grein í Fréttablaðinu þ. 4. september eftir Ástu Bjarnadóttur, vinnu- og skipulagssálfræðing, kemur fram hvernig kærunefnd jafnréttismála vinnur. Ásta bendir á ýmislegt í þeirri vinnu sem mætti kannski taka til frekari skoðunar.

### Stuðningslisti starfsfólks

Jafnframt segir Halla Bergþóra: „Það er hreinlega ósanngjarnt að setja fólk í þá stöðu, að yfirmaður biðji það um að skrifa undir slíkt skjal fyrir annan yfirmann.” Það er nokkuð bratt finnst mér að Halla Bergþóra skuli setja svona yfirlýsingu frá sér, því starfsfólk var ekki „beðið” um að skrifa undir en þetta var vissulega rætt sameiginlega. Nauðsynlegt er að upplýsa að starfsmenn embættisins 18 að tölu, lögreglumenn og skrifstofufólk, skrifuðu ráðherra þetta bréf að eigin frumkvæði og án aðkomu eða nokkurrar vitneskju Svavars Pálssonar, þar sem þess var eindregið óskað að Svavar yrði skipaður sýslumaður.

Af hverju skyldi það hafa verið? Jú, við vorum viss um það væri embættinu til góðs og af reynslu vissum við að það væri starfsfólkinu og vinnustaðnum til góðs.

Það er ekki nokkur vafi á því að ráðherrann hefur horft til hagsmuna embættisins og starfsmanna þess við ákvörðun sína og beitt heilbrigðri skynsemi. Það er þakkar- og virðingarvert. Ég mun ekki tjá mig frekar um þetta mál en þessar athugasemdir eru óhjákvæmilegar.

# Aðskilnaður minnkar áhættu almennings

Fjármál

dr. Jakob Ásmundsson
framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hjá Straumi fjárfestingabanka



Í dag eru þrír stórir viðskiptabankar allsráðandi á íslenskum fjármálamarkaði. Samanlögð stærð þeirra nemur u.þ.b. tvöfaldri landsframleiðslu þjóðarinnar. Viðskiptabankarnir eru að mestu leyti fjármagnaðir með innlánum. Fall eins þeirra myndi hafa í för með sér óheyrilegan kostnað fyrir þjóðarbúið, bæði beint og óbeint. Afturköllun á yfirlýsingu stjórnvalda um allsherjarábyrgð á innlánum breytir engu um þá staðreynd.

Viðskiptamódel íslensku viðskiptabankanna er í grunninn það sama og það var fyrir hrun, að því undanskildu að þeir eru með óverulega starfsemi erlendis. Þeir voru, og eru enn, í senn viðskiptabankar og fjárfestingabankar. Það má því gera ráð fyrir að hegðun þeirra muni ekki breytast mikið.

Viðskiptabankar geta náð fram ágætri arðsemi án þess að stunda fjárfestingabankastarfsemi. Spurningin hlýtur því að vera hver sé kostnaður/áhætta almennings annars vegar og hver séu áhrif þess á fjármálamarkaðinn hins vegar að þeir stundi fjárfestingabankastarfsemi samhliða viðskiptabankastarfsemi.

### Freistnivandi

Fjölmörg vandamál koma upp þegar fyrirtækjaráðgjöf, verðbréfamiðlun og eigin viðskipti eru á hendi viðskiptabanka tengd freistnivanda og armslengdarsjónarmiðum.

- Er eðlilegt að sá sem lánar og sá sem veitir ráðgjöf sé einn og sami aðilinn? Hver gætir hagsmuna viðskiptavinarins við þær aðstæður?
- Er líklegt að starfsmenn miðlunar og fyrirtækjaráðgjafar bankanna ráðleggi viðskiptavinum sínum að sækja fjármögnun annað?
- Er ekki enn sama hætta til staðar, og fyrir hrun, að skammtímasjónarmið séu látin ráða við lánveitingar, svo sem til að bæta ársfjórðungsuppgjör bankans?
- Er ekki enn sama hætta til staðar, og fyrir hrun, að starfsmenn miðlunar og fyrirtækjaráðgjafar bankans beiti óeðlilegum þrýstingi innan bankans til að fá fyrirgreiðslu samþykkta?

Viðskiptabankar, í skjóli ódýrrar ríkistryggðrar fjármögnunar, stunda í dag áhættusamar lánveitingar og stöðutökur til að styðja við fjárfestingabankastarfsemi sína í samkeppni við sérhæfð fjármálafyrirtæki. Þetta hefur margvísleg neikvæð áhrif á gagnsæi á íslenskum fjármálamarkaði. Svara þarf eftirfarandi spurningum:

- Leiðir þetta fyrirkomulag til réttrar verðlagningaráhættu í kerfinu? Mun það leiða til uppbyggingar á heilbrigðum og skilvirkum fjármálamarkaði?
- Er áhyggjuefni að ekki sé virkur markaður með fyrirtækjaskuldabréf á Íslandi í dag?
- Ef ekkert er að gert munu fjárfestingabankar þá ekki finna sig knúna til að sækja um viðskiptabankaleyfi, rétt eins og Straumur og MP Banki gerðu fyrir hrun?
- Stuðlar eignarhald bankanna á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði að heilbrigðu atvinnulífi?
- Er eðlilegt að viðskiptabankarnir nýti ríkistryggð innlán almennings til að fjármagna eða fjárfesta í hlutabréfum?

### Áhættutaka ræðst af hvötum starfsmanna

Það sem er mikilvægt að skilja í þessu samhengi er að fjárfestingabankastarfsemi samhliða viðskiptabankastarfsemi hefur í för með sér hegðun sem verður ekki stöðvuð með reglum eða auknu eftirliti. Mörg þeirra útlána sem veitt voru gegn litlum eða ótryggum veðum fyrir hrun og ollu miklu tapi í bönkunum voru veitt fyrir tilstuðlan fjárfestingabankaarms bankanna. Gríðarlegur þrýstingur myndast frá fjárfestingabankaarmi bankastofnana að nýta efnahagsreikning þeirra til að búa til skammtímahagnað – þetta þekkja þeir sem hafa starfað innan geirans. Erfitt er að sjá að núverandi reglur um eiginfjárbindingu o.s.frv. komi í veg fyrir þetta. Besta og ódýrasta leiðin er að skapa umhverfi sem stýrist af heilbrigðum hvötum. Lög, reglur og eftirlit munu aldrei ná að koma í veg fyrir freistnivanda ef freistingin er til staðar á annað borð. Það höfum við séð áður. Lausn vandans felst í að ráðast að rót hans, frekar en að reyna að koma í veg fyrir hinar ýmsu birtingarmyndir með flóknu regluverki og eftirliti.

> Viðskiptamódel íslensku viðskiptabankanna er í grunninn það sama og það var fyrir hrun, að því undanskildu að þeir eru með óverulega starfsemi erlendis. Þeir voru, og eru enn, í senn viðskiptabankar og fjárfestingabankar. Það má því gera ráð fyrir að hegðun þeirra muni ekki breytast mikið.

### Má réttlæta sér íslenska löggjöf?

Aðstæður annars staðar í heiminum um þessar mundir eru allt aðrar en hér og mjög viðkvæmar. Fjármálastofnanir í Evrópu glíma við margvíslega erfiðleika og eru illa fjármagnaðar sem gerir þeim ókleift að gangast undir miklar breytingar. Eins eru miklir hagsmunir að veði, t.a.m. er fjármálageirinn í Bretlandi mjög mikilvægur þáttur í efnahagslífi þess lands. Af þeim sökum er mjög ólíklegt að evrópsk löggjöf muni taka þeim breytingum sem í raun er þörf á, heldur verða einungis tekin lítil skref til að taka á helstu vandamálum á hverjum stað. Það er ekki sjálfgefið að þau sömu skref hjálpi okkur hér.

Aðstæður á Íslandi í dag eru þannig að hægt er að ganga alla leið í þá átt sem aðrar þjóðir hafa viljað, með litlum tilkostnaði og nær engri röskun á fjármálakerfinu.

### Aðskilnaður er einföld aðgerð

Hin rökin sem helst hafa verið nefnd fyrir því að aðskilja ekki eru samlegðaráhrif fyrir viðskiptabankana og áhættudreifing. Þegar rekstrarreikningar bankanna þriggja fyrir 2011 eru skoðaðir, þá kemur í ljós að tekjur þeirra af starfsemi sem tillögurnar um aðskilnað taka til, eru óverulegar. Í skýrslu greiningardeildar Arion banka er hún metin sem 5% af heildarstarfsemi og 2% af efnahagi. Hvað áhættudreifingu varðar, þá ganga tillögurnar út á að takmarka fjárfestingu í áhættumestu eignunum. Áhrifin og kostnaðurinn verða því að teljast verulega lítil í samhengi hlutanna.

Viðskiptabankarnir hafa lýst því yfir að þeir hyggist auka fjárfestingabankastarfsemi verulega á næstu árum. Mun sú staða e.t.v. koma upp, samhliða því að ekki verður hægt að færa eignir meira upp sem færðar voru úr gömlu bönkunum, að freistnivandinn nái yfirhöndinni til að halda arðsemi ásættanlegri? Hvað gerðist á árunum fyrir 2008?

Aðskilnaður mun leiða til minni áhættusækni viðskiptabankanna, meiri fjölbreytni og aukins gagnsæis og þar með gera eftirlit skilvirkara. Hann er einfaldur í framkvæmd og leiðir ekki til mikils tilkostnaðar eða röskunar á íslenska fjármálakerfinu sé þetta framkvæmt nú. Hvers vegna ættum við að taka áhættuna ef hægt er að komast hjá því með litlum sem engum tilkostnaði? Er ekki lag að gera þetta nú, í stað þess að bíða þar til það verður dýrt og erfitt í framkvæmd, eða jafnvel of seint? Svarið virðist augljóst.




## Auknar kröfur

Forsetaembættið

Ari Trausti Guðmundsson
frambjóðandi í nýliðnum forsetakosningum



Á ferðum vegna framboðs til embættis forseta Íslands barst Alþingi oft í tal. Vissulega telja margir ýmislegt athugavert við störf þess og enn fremur að verulega vanti upp á traustið og virðinguna. Helst var fundið að flýtimeðferð sumra stærri mála, málþófi, óvönduðum málflutningi, málafjölda og skorti á frumkvæði eða þekkingu í mikilvægum málum. Flestir töldu það einbert mál þingsins og stjórnmálaflokkanna að hlusta á gagnrýnina, ræða vandann og taka hressilega til á vinnustaðnum. Ástæða þeirrar afstöðu er sú vissa að aðkoma annarra að málinu er í orði en ekki á borði, og gildir einu hvort um er að ræða stjórnmálafræðing, Jón og Gunnu eða forseta Íslands.

Í stöku tilviki komu upp raddir sem lýstu því að „forsetinn þyrfti að taka í lurginn á þingmönnum“ en við umræður kom jafnan í ljós að hann hefur ekki annað til ráða en umvandanir eða ábendingar. Telja verður sennilegast að þær yrðu auðveldlega að nöldri eða endurtekningum sem fljótt tapa merkingu.

Þegar sitjandi forseti heldur því fram að þjóðin hafi nokkrar áhyggjur af þingstörfum, er óþarft að draga orðin í efa en öðru máli gegnir um staðhæfingar um að verði ekki tekið á vandanum „munu áfram aukast kröfur um afskipti hans af setningu laga umfram það sem hefur tíðkast“. Fyrir því segist hann hafa boðskap margra, bæði „kjósenda og einstakra frambjóðenda, í aðdraganda kosninganna“. Sú staðhæfing er ekki studd rökum.

En hvað sem því líður verður að staðhæfa ýmislegt á móti, með dálitlum rökum. Bein afskipti forseta af lagasetningu felast í málskotsréttinum margumtalaða en ekki neinu öðru. Sitjandi forseti getur þá, samkvæmt nýföllnum orðum, fjölgað nei-unum við frumvörpum samþykktum á Alþingi. Ekki verður séð að það leysi vanda þess. Þarna er stjórnarskráin skýr. Vilji hann leggja fram frumvarp (sbr. 25 gr. stjórnarskrárinnar), verður það aðeins gert með fulltingi forsætisráðherra sbr. 13. greinina: Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík. Vandséð er hvað það læknar innan þings eða hvort forsetafrumvarp fengist lagt fram, í hvaða tilgangi og hvaða meðferð það fengi. Aftur er stjórnarskráin skýr. Og varla á forsetinn við setningu bráðabirgðalaga (sbr. 28. gr.). Forseti minnir réttilega á í ræðu sinni við setningu Alþingis að með lögum skuli land byggja. Nú skuldar hann öllum víðtækar skýringar á staðhæfingunni um hvernig hann sér fyrir sér auknar kröfur um eigin afskipti af lagasetningu og hvaða úrræði hans þær kalla á. Um það verða gerðar kröfur á haustmánuðum.

> Fyrir því segist hann hafa boðskap margra, bæði „kjósenda og einstakra frambjóðenda, í aðdraganda kosninganna.“ Sú staðhæfing er ekki studd rökum.




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## Opið alla helgina kl. 10–19




ALLT Á FLOTI - KILJA
**Verð: 990 kr.**




ALLTAF SAMA SAGAN
**Verð: 990 kr.**




SAGAN UM BÍBÍ ÓLAFSDÓTTUR
**Verð: 990 kr.**




GÆSKA
**Verð: 990 kr.**




ARTEMIS FOWL – EYJAN TÝNDA
**Verð: 590 kr.**




KAMA SUTRA
**Verð: 690 kr.**




BOOT CAMP – HÁMARKSÁRANGUR
**Verð: 990 kr.**




DÁIÐ ER ALT ÁN DRAUMA
**Verð: 990 kr.**

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær veglegar bækur að gjöf.




VEFURINN HENNAR KARLOTTU
**Verð: 690 kr.**




RAKKARAPAKK
**Verð: 390 kr.**




2 fyrir 1

Í NÆTURGARÐI: OPSÝ DEISÍ
Í NÆTURGARÐI: IGGUL PIGGUL

**Verð: 390 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AMY WINEHOUSE** (1983-2011) söngkona fæddist þennan dag.

*„Ég byrjaði að semja tónlist til að ögra sjálfri mér. Mig langaði að sjá hvort ég gæti það.“*

## Málþing 10 ára HR

Leitast verður við að svara spurningunni um hvaða eiginleikum lögfræðingar framtíðarinnar þurfi að búa yfir í erindi sem Rasmus Kristian Feldhusen, prófessor og varaformaður námsráðs lagadeildar Kaupmannahafnarháskóla, flytur á málþingi vegna 10 ára afmælis lagadeildar Háskólans í Reykjavík (HR) klukkan þrjú í dag.

Fyrir hádegi geta gestir fengið að kynnast því hvernig verkefnatengt laganám HR fer fram, en grunnhugsunin með þeirri aðferðafræði mun vera að auka hæfni nemenda til að beita lögfræðilegri aðferðafræði á viðfangsefni þau sem þeir mæta í náminu og síðan í starfi.



**HR** Húsnæði HR í Nauthólsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Klukkan fjögur hefst svo málþing um siðferði lögfræðinga. Þar stýrir Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild HR, umræðum, en meðal þátttakenda í umræðum eru Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra.

---

†



Elskulegur faðir okkar,

**EGILL Á. KRISTBJÖRNSSON**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 8. september sl.

**Auður, Kristbjörn, Guðbjörg og Logi Egilsbörn.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**FREYJA ANTONSDÓTTIR**
**ljósmóðir,**

andaðist þriðjudaginn 11. september á hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram þriðjudaginn 18. september kl. 13.00 frá Áskirkju. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Grundar.

**Hafsteinn Sigurjónsson**
**Ólöf G. Hafsteinsdóttir**
**Sólveig S. Hafsteinsdóttir** **Rannver H. Hannesson**
**Jórunn I. Hafsteinsdóttir** **Ólafur G. Magnússon**
**Marteinn Már Hafsteinsson**
**og barnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF MAGNÚSDÓTTIR**
**Hvassaleiti 56,**

lést sunnudaginn 9. september. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 18. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Magnús R. Jónasson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigurrós Jónasdóttir** **Ólafur G. Flóvenz**
**Elín Jónasdóttir**
**Eggert Jónasson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Móðir okkar,

**RÓSA SVEINBJARNARDÓTTIR**
**Dalalandi 8, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 12. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 18. september kl. 15.00.

**Jónína Helgadóttir** **Víkingur Sveinsson**
**Einar Helgason** **Inga Guðmundsdóttir**
**Kolviður Helgason** **Margrét Hreinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---



**SYNGJA LÖG JÓNS ÞÓRARINSSONAR** Auður Gunnarsdóttir, Bergþór Pálsson og Gunnar Guðbjörnsson munu flytja lög Jóns Þórarinssonar við píanóundirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GUNNAR GUÐBJÖRNSSON: JÓN SAMDI MJÖG FJÖLBREYTTA TÓNLIST

# HEIÐRA ÁSTKÆRT TÓNSKÁLD

Tónleikar til heiðurs tónskáldinu Jóni Þórarinssyni fara fram í Salnum á sunnudag. Jón lést fyrr á þessu ári og munu söngvararnir Auður Gunnarsdóttir, Bergþór Pálsson og Gunnar Guðbjörnsson flytja lög hans við píanóundirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur.

Á tónleikunum verða flutt lög á borð við Fuglinn í fjörunni, Það vex eitt blóm fyrir vestan, Íslenskt vögguljóð á hörpu og Nú legg ég augun aftur. Tónleikarnir spanna feril Jóns sem tónskálds og útsetjara og eru nokkur lög á efnisskránni í hans útsetningu. Karlakórinn Fóstbræður verður sérstakur gestur á tónleikunum en Jón tók við stjórn kórsins í janúar 1950 og stýrði honum í fjögur ár.

Gunnar Guðbjörnsson söngvari segir Jón hafa samið mjög fjölbreytta tónlist sem gaman sé að hlýða á. „Ég hélt mikið upp á Jón sem persónu og ekki síður sem tónskáld. Hann samdi mjög fjölbreytta tónlist, allt frá nútímatónlist í anda Hindemith til hugljúfra melódía sem festast í sálu manns. Þegar hann flutti aftur til Íslands að námi loknu ríkti hér sterk sönglagahefð og hann leyfði sér líka að fara inn í þá hefð en tók hana skrefi lengra.“

Aðspurður segist Gunnar eiga sér tvö uppáhaldslög úr smiðju Jóns og nefnir lögin Siesta og Það vex eitt blóm fyrir vestan. „Á meðan við vorum að vinna söngskrána og æfa okkur fyrir tónleikana fangaði lagið Siesta mig. Maður er næstum orðinn vanur vinsælu lögunum, eins og Fuglinn í fjörunni, og þess vegna er gaman að grafa sig ofan í lög eins og Siesta, sem náði svona vel til mín. Svo er lagið Það vex eitt blóm fyrir vestan líka í miklu uppáhaldi,“ segir hann.

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og er aðgangseyrir 2.900 krónur.

**sara@frettabladid.is**



### VAR AFKSTAMIKIÐ TÓNSKÁLD

Jón Þórarinsson fæddist þann 13. september árið 1917 á Gilsárteigi í Eiðaþinghá og lést í febrúar á þessu ári, þá 94 ára að aldri. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík og við Yale-háskólann undir handleiðslu þýska tónskáldsins Paul Hindemith. Auk þess sat hann sumarnámskeið við Julliard-skólann í New York. Jón var lengi yfirkennari við Tónlistarskólann í Reykjavík en starfaði einnig sem yfirmaður lista- og skemmtideildar Sjónvarpsins á árunum 1968 til 1979 og átti stóran þátt í því að koma Sinfóníuhljómsveit Íslands á laggirnar. Hann skrifaði einnig mikið um tónlist og var um tíma tónlistargagnrýnandi við Alþýðublaðið og um árabil við Morgunblaðið.
Jón var afkastamikið tónskáld og talinn í fremstu röð íslenskra tónskálda. Hann samdi aðallega kammer- og söngverk, en meðal þekktra sönglaga hans eru Fuglinn í fjörunni og Íslenskt vögguljóð á Hörpu.

## Málþing um konur og heilbrigði

Í tilefni útgáfu bókarinnar Við góða heilsu? Konur og heilbrigði í nútímasamfélagi sem ritstýrt er af Helgu Gottfreðsdóttur, dósent í hjúkrunarfræði, og Herdísi Sveinsdóttur, prófessor, verður efnt til málþings í Eirbergi í dag.

Í bókinni er að finna fræðigreinar um fjölmörg málefni sem tengjast heilsufari kvenna, til dæmis blæðingar, meðgöngu, ófrjósemi, tíðahvörf, áföll, þunglyndi og vefjagigt. „Við höfum lengi haft það í hyggju að skrifa þessa bók. Þegar Helga lauk doktorsnámi hófumst við handa og tókum að safna efni. Það tók vitanlega tímann sinn að ná efninu saman en okkur var mikið í mun að koma þessu út á bók,“ segir Herdís.

Dagskrá málþingsins er tvískipt. Fyrir hlé er yfirskrift þess Einkenni og sjúkdómar – samfélagsgerð og heilsa, en eftir hlé verður rætt um barneignir og heilsu, blæðingar og ímynd kvenna. Sex konur sitja í pallborði fyrir hlé og sex eftir hlé, allt höfundar greina í bókinni.
Málþingið verður haldið í Eirbergi, Eiríksgötu 34, hefst klukkan tvö og stendur til fimm.



**RITSTÝRA** Herdís Sveinsdóttir ritstýrði bókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FÓLK



KYNNINGARBLAÐ

## RATHLAUP Í GRASAGARÐINUM

**Degi íslenskrar náttúru verður fagnað í Grasagarðinum á sunnudag með náttúruleik og rathlaupi fyrir alla fjölskylduna. Hlaupið hefst klukkan 13 og eru þátttakendur hvattir til að koma sér á staðinn með umhverfisvænum hætti.**


CANDY

## ÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR





**Candy EVOC 570 BS**
- Þurrkari barkalaus 7 kg
- Tvíátta barkalaus þurrkari
- Hurðaropnun 180°
- Kaldur blástu og krumpuvörn
- Orkuflokkur B

**74.990**

Verð áður 89.990

**Candy EVO 1482 DS**
- Þvottavél 1400sn 8kg A+
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 180°
- Hraðkerfi 30-44 mínútur
- Ullarkerfi og skolstopp
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A+
- Vinduhæfni A

**84.990**

Verð áður 99.990





**Candy EVO 1473 DWS**
- Þvottavél 1400sn 7kg A++
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 180°
- Hraðkerfi 14-30-44 mínútur
- Ullarkerfi og skolstopp
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A
- Vinduhæfni A

**89.990**

Verð áður 109.990

**Candy EVOW 4653 DS**
- Þvottavél / þurrkari
- Ryðfrí tromla, 6kg þvott/5kg þurrk
- Stafrænn hitastillir og LCD skjár
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Hraðkerfi 14-30-44 mínútur
- Handþvottakerfi, 14 mín. hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni B
- Vinduhæfni A

**109.990**

Verð áður 139.990

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson sér um þættina Eldað með Holta á ÍNN. Hann gefur lesendum hér uppskrift að grilluðri kjúklingasteik með kaldri sósu. Hægt er að sjá hann elda réttinn á ÍNN.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka kjúklingarétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Á föstudögum birtast þessar uppskriftir hér á síðunni.

Í dag býður Kristján upp á grillaða og marineraða kjúklingasteik. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á ÍNN. Þættirnir eru síðan endursýndir um helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## BBQ-KJÚKLINGASTEIKUR FRÁ RIKKU

MEÐ GRILLUÐU GRÆNMETI OG KALDRI KRYDDSÓSU

**KJÚKLINGASTEIK**

800 g Rikku-kjúklingasteikur frá Holta
Jonas bbq-sósa
McCormick Mesquite-krydd
Sojasósa
2 sætar kartöflur
2 box smámaís
2 búnt vorlaukur
4 rauðlaukar
Olía
Tréspænir frá Grillbúðinni

**AÐFERÐ**

Tréspænirnir eru settir í bleyti í 30 mínútur. Þá eru þeir teknir úr vatninu og settir í ál- eða járnbox með götum. Boxið er síðan sett undir grillristina á meðan á elduninni stendur.

Kjúklingasteikurnar eru kryddaðar með kryddinu og síðan skal setja 70 ml af bbq-sósu og smá sojasósu yfir steikurnar. Látið liggja í um það bil 30 mínútur.

Sætar kartöflur skrældar og skornar langsum. Vorlaukur og smámaís grillaður í heilu en fyrst er sett olía yfir. Bragðbætt með salti og pipar.

**KÖLD KRYDDSÓSA**

1 grísk jógúrt
1 hrein jógúrt
2 rauðir chili-pipar
1 stk. kúluhvítlaukur
Smá fersk steinselja
1 búnt vorlaukur
Salt og pipar
2 msk. síróp
3 tsk. Alfez spicy lemon tagine paste

Allt skorið smátt og blandað saman við jógúrtina.
Grillað með ást og umhyggju og bros í hjarta.


## Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

NINGS

Tröllatrefjar



EKKERT salt
ENGINN sykur

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

TRANS FITA
MSG

Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is













# SKÁKMÓT Í HÖLLINNI

**AFMÆLISMÓT ALDARINNAR** *Risaskákmót fyrir börn og eldri borgara verður haldið í Laugardalshöll á morgun auk málþings um einvígi Boris Spassky og Roberts Fischer. Einvígið fór fram í Laugardalshöllinni fyrir fjörutíu árum.*

Skákmót og málþing verður haldið um helgina í Laugardalshöll undir yfirskriftinni Afmælismót aldarinnar. Tilefnið er að fjörutíu ár eru liðin frá „einvígi aldarinnar" í Reykjavík. Þá sigraði Bandaríkjamaðurinn Robert J. Fischer hinn rússneska Boris Spassky í heimsmeistaraeinvígi. „Skákmótið er eitt hið stærsta á þessu ári og er áætlað að um 200 manns muni taka þátt. Mótið er fyrir börn og unglinga frá 1.-10. bekkjar sem skipt verður upp í fjóra aldurshópa. Einnig verður keppt í sérstökum heiðursflokki skákmanna, 60 ára og eldri," segir Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands

Mótið fer fram í aðalsal Laugardalshallar, þar sem einvígi Spasskys og Fischers fór fram á sínum tíma og hefur undirbúningur staðið yfir frá ársbyrjun. „Sumir vilja meina að einvígið hafi komið Reykjavík á landakortið og er það að frumkvæði Reykjavíkurborgar sem mótið er haldið."

Skák hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár og til mikils að vinna þar sem rannsóknir benda til að skák efli rökhugsun, gagnrýna hugsun og sköpunargáfu. „Skákkennsla er í öllum skólum Reykjavíkur, Kópavogs og víðar. Rimaskóli hefur lagt mikla áherslu á skák í sínu starfi og vann Norðurlandamót grunnskólasveita í skák á þessu ári. Hann vann 19 af 20 vinningum sem er met."

Fjöldi vinninga verður í boði auk þess sem efnt verður til happdrættis, svo öll börn eiga möguleika á glaðningi. Skemmtikraftar stíga á svið og allir keppendur fá bol að gjöf.

Mótið hefst klukkan 13 en klukkan 11 um morguninn verður málþing um einvígið. Þar verður fjallað um einvígi Spasskys og Fischers frá ýmsum hliðum og munir sem tengjast einvíginu sýndir. Þátttaka í hátíðinni er ókeypis en keppendur eru hvattir til að skrá sig sem fyrst á Skák.is. ■ vidir@365.is



**UNDIRBÚNINGUR STAÐIÐ FRÁ ÁRSBYRJUN** Áætlað er að um 200 manns muni taka þátt.

# TEXTÍLL OG GULL

***Tískuuppákoma alla föstudaga*** *Hönnuðurinn Rósa Helgadóttir og gullsmiðurinn Helga Jónsdóttir eru hönnuðir mánaðarins á Hótel Reykjavík Natura.*

Icelandair hótel Reykjavík Natura stendur fyrir tískuviðburði alla föstudaga. Valinn er hönnuður mánaðarins en í september eru þeir tveir; Rósa E.R. Helgadóttir, sem hannar undir merkinu Rósa Design, og Helga Jónsdóttir hjá Gullkúnst Helgu.

Rósa Design var stofnað árið 2003 og hannar hún fatnað úr ull, silki og bómull með kvenleika og tímaleysi að leiðarljósi. Hún hannar líka fylgihluti þar sem hún tvinnar saman silfur og gúmmí á frumlegan hátt.

Aðalsmerki Gullkúnstar Helgu er handunnið skart eftir Helgu og Svein Guðnason. Þar er íslensku hrauni teflt saman við ræktaðar perlur, silfur, gull og steina. Helga, Sveinn og aðrir gullsmiðir í versluninni hafa nýtt hraun og íslenska steina í miklum mæli og þannig lagt grunninn að miklum vinsældum þess konar skarts meðal erlendra ferðamanna.

Mikil áhersla er lögð á list á Hótel Reykjavík Natura og bera herbergi, stigahús og veitingastaðir hótelsins þess merki. Uppákoman í dag hefst klukkan 17 og verða báðir hönnuðirnir á staðnum með úrval af hönnun sinni.



**KVENLEGT** Rósa hefur kvenleika og tímaleysi að leiðarljósi.



**HRAUN OG STEINAR** Helga notar íslenskt hraun og steina.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

14. SEPTEMBER 2012

# Lífið



GLÆSILEGAR Á HAUST-KYNNINGU STÖÐVAR 2

LÉTTA LEIÐIN KOMIN ÚT

HJÓLIN HAFA SNÚIST HRATT

# MÖMMUHLUTVERKIÐ STÆRSTA HLUTVERKIÐ

## BIRGITTA HAUKDAL NÝTUR ÞESS AÐ BÚA Í BARCELONA MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það var mikið um opnanir, frumsýningar og viðburði í vikunni sem leið. Mátti meðal annars sjá stórleikarann og útvarpsmanninn **Þorvald Davíð Kristjánsson** í góðra vina hópi í Hörpu á föstudagskvöldið en þar leit einnig leikkonan **Þóra Karítas** við með vinkonu. Á sama tíma naut Alfa Lára Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Iceland Express, kvöldsins á 101 en þar leit einnig stórstjarnan **Sean Penn** við síðar um kvöldið. Að lokum skemmti Logi Bergmann sér með eiginkonu sinni Svanhildi Hólm á Austur ásamt samstarfsfélögum sínum.









Lífið

UMSJÓN

**Ellý Ármanns** elly@365.is

**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Lalli Sig

Myndvinnsla: Ólöf Erla

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

# GLÆSILEGAR Á HAUSTKYNNINGU

**Konurnar voru hver annarri glæsilegri á haustkynningu Stöðvar 2 sem fram fór í Hörpu síðustu helgi. Lífið forvitnaðist um klæðnað nokkurra kvenna.**





Sandra Hlíf Ocares lögfræðingur





Leikkonurnar Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir









Þórunn Antonía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri Baðhússins Linda Pétursdóttir og móttökustjóri Kolbrún Ólafsdóttir.




Var að taka upp nýjar vörur

ARNA

Grímsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opið: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15

Vertu vinur á facebook ;)


# LÉTTU LEIÐINNI FAGNAÐ

**Bókin Létta leiðin eftir Ásgeir Ólafsson kom út í vikunni og af því tilefni var fagnað yfir góðum veitingum í Eymundsson Austurstræti. Létta leiðin er nýstárlegt og aðgengilegt heilsubótarkerfi sem Ásgeir hefur þróað og byggist á einföldum hugmyndum sem skilað hafa frábærum árangri.**









Höfundurinn Ásgeir Ólafsson les upp úr bókinni.







Það lá vel á boðsgestum.

# HEITASTA ÁSTARSAGAN

## BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

Rómantísk, áleitin og ómótstæðileg ... ekki missa af þessari!

2. prentun væntanleg!

40 milljón konur geta ekki haft rangt fyrir sér




1. Sæti

Heildarlisti 05.09.12 – 11.09.12

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*


Steinunn Vala Sigfúsdóttir

# HJÓLIN HAFA SNÚIST HRATT



**Steinunn Vala Sigfúsdóttir hefur getið sér gott orð sem skartgripahönnuður hér á landi. Sem stendur vinnur hún að skartgripalínu sem hún stefnir á að nái fram á sjónarsviðið í byrjun næsta árs. Það hvílir enn þá leynd yfir línunni en henni má lýsa með þessum orðum: smágerð, falleg, náttúruleg, skrítin, skopleg og villt. Eins og áður sækir hún efnivið út fyrir hið hefðbundna.**

**Hverjar verða áherslurnar í hönnun þinni þetta haustið?** Hvað varðar vinsælasta skartið mitt, blómahringana gömlu góðu, og Pirouette-skartgripalínuna mína þá eru litir og litasamsetningar allsráðandi hjá mér um þessar mundir. Ég er gjörsamlega að tapa mér í litasamsetningum og er að uppgötva hjá mér áhuga og hæfileika á þessu sviði.

**Hvaða liti aðhyllistu núna og hvaða litir eru vinsælastir?** Í haust hef ég valið djúpa, dökka en bjarta liti umfram aðra.

Þetta eru mjög hreinir litir eins og djúprauður, dökkur og bjartur grænn, karrýgulur, appelsínugulur og plómulitaður. Í bland við muskulega og svolítið óhreina liti, eins og engiferslitan, gamaldags rómantískan bleikan lit og mattan og örlítið skítugan gallabuxnabláan lit. Grár, svartur og rauður eru klassískir litir sem fylgja alltaf með.

**Einhverjar nýjar vörur á næstunni?** Ég frumsýndi fyrstu ítemin í skartgripalínu sem ég kalla Pirouette á liðnum HönnunarMarsi og á vinnuborðinu er viðbót við þá línu sem gæti litið dagsins ljós næsta haust. Í forgangi hjá mér eru lokaskrefin í skartgripalínu sem heitir Teboð og samanstendur af hlutum úr hvítu postulíni og „tannpostulíni".

**Hvað er langt síðan þú steigst þín fyrstu skref sem hönnuður?** Upphafið að Hring eftir hring má rekja til verkefnis sem ég vann í Prisma sem var námsbraut á vegum Listaháskóla Íslands og Viðskiptaháskólans á Bifröst í byrjun árs 2009. Hluti af verkefninu var hringur, fölbleikur úr plastleir í blómamunstri. Hringurinn varð á örskotsstundu mjög vinsæll og líf mitt umturnaðist á stuttum tíma. Ég fór frá því að vera verkfræðingur í pásu frá arkitektastofu yfir í það að vinna 200% vinnu sem skartgripahönnuður. Vökunæturnar voru ótalmargar og ég minnist tíma þar sem kaupendur að hringunum biðu í röð í Epal eftir nýrri sendingu og það kom fyrir að fólk þurfti frá að hverfa tómhent. Ég fæ seint þakkað starfsfólkinu í Epal og síðar hinum sölustöðunum mínum.

Hjólin hafa snúist frekar hratt hjá mér og ég lagt mikið kapp á að ná fótfestu á erlendum markaði, með fagmennsku í fyrirrúmi og langtíma markmið. Framtíðin er björt og spennandi.

**Hafa túristar sýnt vörum þínum áhuga í sumar?** Já! Mér skilst á búðunum mínum að salan til erlendra gesta hafi verið nánast jafn mikil og til Íslendinga. Ég finn líka fyrir fyrirspurnum að utan og aukinni umferð á heimasíðunni minni en nánast allir sem heimsækja hana gera það af ásettu ráði.

Erlendir fjölmiðlar og sýningastjórar hafa líka veitt mér athygli og þá má einna helst þakka Hönnunarmiðstöð Íslands fyrir það en hún standa fyrir HönnunarMarsi sem er gríðarlega mikilvægur og aðgengilegur vettvangur fyrir íslenska hönnuði til að hitta erlenda dreifingaraðila, blaðamenn og hönnunarfyrirtæki.

**Eitthvað að lokum?** Ég hvet alla velunnara íslenskrar hönnunar, hvort sem það eru hönnuðir, fjársterkir aðilar, áhugamenn eða aðilar með reynslu og sterkt tengslanet, til að horfa til Hönnunarmiðstöðvar Íslands og veita því göfuga og mikilvæga frumkvöðla- og mótunarstarfi sem þar fer fram mikla athygli og stuðning.

> „Ég er gjörsamlega að tapa mér í litasamsetningum og er að uppgötva hjá mér áhuga og hæfileika á þessu sviði.



Supreme Deluxe svefnsófi
kr. 169.800

Extra þykk og góð springdýna

Svefnbreidd 140x200
Rúmfatageymsla í sökkli
LÍNAN
Bæjarlind 16 | 201 Kópavogur | sími 553 7100 | linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 | laugardaga 11 - 16


## DAGLEGT LÍF

### Lífið kynnti sér hvaða snyrtivara væri í uppáhaldi hjá Unni Birnu og hvaða vörur hún notar dags daglega.

**Hver er konan?** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir
**Starf:** Móðir og lögfræðingur hjá Íslensku lögfræðistofunni.
**Hvaða snyrtivörur notar þú dagsdaglega?** Andlits- og augnkrem, kornakrem, maskara, púður og kinnaliti.
**Er einhver sérstök vara í uppáhaldi sem þú getur ekki verið án?** Nýi maskinn frá Bláa lóninu, Algae-maskinn. Algjörlega endurnærandi og frábær.




the PIER
FOR YOUR HOME
TÍMI FYRIR KÓSÍ
BIG STAY SVEFNSÓFI
Rúmar tvo - gott geymslurými
199.900
Fæst eingöngu í brúnu og svörtu
DAYS SVEFNSÓFI
Á KYNNINGARVERÐI
NÝTT
99.900
FYRIR KERTIN
ALLAR MYNDIR
50%
40%
AF VÖLDUM PÚÐUM
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# NÝTUR LÍFSINS Í BARCELONA

**Birgitta Haukdal fer með eitt af aðalhlutverkunum í Ávaxtakörfunni sem frumsýnd var á dögunum. Hún nýtur þess að búa á Spáni með þriggja ára syni og eiginmanni en það sem stendur upp úr hjá henni er að vera mamma og njóta augnabliksins.**



Birgitta Haukdal og Benedikt Einarsson eiginmaður hennar ásamt syni þeirra Víkingi Brynjar á góðri stundu.

**HVER ER KONAN:** Birgitta Haukdal mamma, eiginkona, tónlistarkona, söngkona, söngkennari, leikkona, spænskunemi og allt hitt.
**FJÖLSKYLDUHAGIR:** Gift Benedikt Einarssyni.
**BÖRN:** Yndislegi strákurinn minn hann Víkingur Brynjar.
**ÁHUGAMÁL:** Mjög erfitt að telja upp áhugamálin þar sem þau eru mörg. Tónlist, skíði, íþróttir, matur og fjölskyldan svo eitthvað sé nefnt.
**LÍKAMSRÆKTIN:** Ég fer í líkamsræktina hér í Barcelona sem heitir DIR. Þangað fer ég tvisvar til þrisvar í viku að lyfta og synda. Síðan æfi ég fótbolta í hverri viku og spila tennis með Láru vinkonu.
**TÍMARITIÐ:** Ég hef ofsalega gaman af því að lesa tískutímarit og arkitekta- og híbýlatímarit.
**UPPHAFSSÍÐAN Á INTERNETINU:** Engin sérstök … Mbl, Vísir og Pressan skoðaðar á hverjum degi.
**FYRIRMYNDIR ÞÍNAR:** Foreldrar mínir eru ofsalega heilbrigðir í hugsun og lífsstíl og gott fólk. Þau eru mínar stærstu fyrirmyndir og ég er ofsalega heppin að eiga þau að.
**BESTI TÍMI DAGSINS AÐ ÞÍNU MATI:** Mér finnst æðislegt að elda góðan mat handa fjölskyldunni eða fara út að borða á kvöldin. En morgnarnir eru að koma sterkir inn eftir að ég eignaðist barn. Þeir eru svo rólegir og góðir.

*Barcelona á Spáni – hvernig líkar ykkur veran í landi sólarinnar?* Við fluttum hingað fyrir ári síðan en ég var fyrsta hálfa árið mikið að vinna heima þar sem ég var að gefa út plötu og leika. Maðurinn minn er hér í viðskiptanámi og ég í spænskunámi. Okkur líður ofsalega vel hérna og borgin er alveg yndisleg.

## Lærir spænsku

*Það hefur lítið farið fyrir þér á Íslandi undanfarið. Hvað tekstu á við þessa dagana?* Ég kláraði verkefnin mín, plötuna mína, tónleikana og ávaxtakörfuupptökurnar, í febrúar á Íslandi og skellti mér í spænsku-nám og íþróttir hér í Barcelona. Lífið er ansi ólíkt hér úti og það er það sem er svo skemmtilegt. Að prófa eitthvað nýtt og læra nýja hluti. Algjör forréttindi að fá tækifæri til að upplifa þetta.

## Fer með aðalhlutverk í Ávaxtakörfunni

*Nú leikur þú gulrótina í annað sinn í Ávaxtakörfunni í nýrri barnabíómynd – hvernig kom það til að þú tókst að þér hlutverkið á ný?* Hún Kikka hringdi í mig hingað út og bað mig að taka þetta að mér. Þar sem ég var að vinna á Íslandi allan desember og upptökur og æfingar voru í desember og janúar á körfunni ákvað ég bara að slá til. Og ég sé sko ekki eftir því. Ofsalega gott og skemmtilegt fólk sem stendur að og vann í þessu verkefni og allir svo yndislegir að passa litla kallinn minn fyrir mig á settinu þar sem hann fylgdi mér auðvitað. Svo eru ekki allir eins heppnir og ég að fá að leika gulrót aftur og aftur.

## Móðurástin stórkostleg

*Hvernig finnst þér að vera mamma?* Það að vera móðir er ótrúlegt. Ég hefði aldrei trúað því hvað það breytir manni ofsalega og gefur manni mikið. Víkingur er þriggja ára og þessi móðurást sem fylgir barninu manns er stórkostleg.





**Það að vera móðir er ótrúlegt. Ég hefði aldrei trúað því hvað það breytir manni ofsalega og gefur manni mikið.**



## Dagur í lífi
### Birgittu Haukdal

**07.30** Vöknum og fáum okkur morgunmat í rólegheitunum og græjum okkur í skólann.

**08.30** fer með Víking í lestinni í skólann. Ef að skólinn minn byrjar snemma fer Bensi með hann. Hleyp í ræktina þá daga sem skólinn byrjar ekki fyrir hádegi og tek hring þar.

**12.00** Fer heim og fæ mér hádegismat eða í lunch með stelpunum og fer svo í skólann.

**16.00** Eftir skóla fer ég ýmist í búðina eða á markaðinn að versla í matinn. Sæki svo Víking í skólann og við förum í garðinn að leika.

**18.30** Komum heim og þá er eldaður matur, baðað, háttað, lesið , lært og kúrt.

FRAMHALD Á SÍÐU 8




Birgitta og Benedikt gengu í það heilaga árið 2008,


Birgitta stóð sig vel fyrir Íslands hönd í Eurovision árið 2003.


Birgitta með góðum vinkonum í Barcelona.


Birgitta þegar hún gekk með son sinn Víking Brynjar en hann kom í heiminn árið 2009.

FRAMHALD AF SÍÐU 7

*Hvernig gengur ykkur að búa í Barcelona?* Okkur gengur ofsalega vel. Víkingur lærir spænsku og ensku og er ofsalega duglegur að tala og læra. Ég hélt að það yrði erfiðara að flytja svona í nýtt land og læra á landið, menninguna og fólkið. En það gekk allt eins og í sögu og við erum ofsalega ánægð hér.

*Á móðurtitillinn ekki ofsalega vel við þig?* Ó já, mér finnst yndislegt að vera mamma. Það er ekki hægt að verða neitt stærra eða merkilegra en það. Mömmuhlutverkið er stærsta hlutverkið og besta verkefnið sem ég hef tekið að mér.

*Langar ykkur að eignast fleiri börn í framtíðinni?* Já, ég vona svo innilega að lífið gefi okkur fleiri börn. Ég hef ekki ákveðið hvort ég vil eitt í viðbót eða mörg enda er það eitthvað sem ekki er hægt að stjórna. Sjáum hvað guð gefur okkur.

## Fjölskyldan blómstrar í Barcelona

*Ef þú berð saman að búa í Reykjavík og Barcelona – hverjir eru kostirnir og hverjir eru gallarnir?* Það er ofsalega ólíkt að búa hér og heima. Hér göngum við ofsalega mikið. Ég hugsa að við göngum milli 10 og 20 km á hverjum degi. Og það er alveg geggjað. Það er svo auðvelt að rata um borgina og hún er svo veðursæl að þú þarft engan bíl. Samgöngur hér eru líka til fyrirmyndar. Á hverjum morgni vaknar maður við sól úti og þá er ekki annað hægt en að brosa. Góð byrjun á deginum. Það er ekki hlýtt allt árið hér en það er nánast alltaf sól og hún gefur manni ótrúlega orku. Við förum mun meira út að borða og í matarboð hér en heima og maður er duglegri að fara í garða, sund, söfn, kaffihús og fleira með börnunum sínum hér en heima. Hér borða allir mjög seint sem er mjög skrýtið. Veitingastaðir opna oft ekki fyrr en klukkan 21 á kvöldin.

Lífið hér er mjög ólíkt því sem er heima en bæði betra. Það er alltaf gott að koma heim.

## Ræktar líkama og sál

*En ef við snúum okkur að þér. Ertu dugleg að rækta sjálfa þig?* Já, ég er dugleg að rækta mig held ég. Ég æfi íþróttir, syndi, lyfti eða fer út að hlaupa. Er dugleg að vera ein með sjálfri mér þegar ég þarf og það er nauðsynlegt fyrir mig til að safna orku. Ég reyni að borða hollan mat og er dugleg að prófa að elda nýjar uppskriftir. Svo finnst mér ofsalega notalegt og gott að setjast í garðinn eða á kaffihús með bók og gleyma mér.

## Nýtur augnabliksins

*Hvert stefnir þú / hvar liggur er ástríðan þín – setur þú þér markmið?* Ég set mér alltaf markmið en hef lært það með árunum að maður verður að njóta þess meira að vera hér í dag og þess sem maður er að gera núna. Ég er ansi oft komin langt á undan mér í plönum fram í tímann að ég gleymi að njóta verkefnanna í dag og lífsins. Mitt markmið er að njóta dagsins í dag, ekki eyða deginum í að hugsa um morgundaginn.

## Afi les fyrir Víking í gegnum Skype

*Hvernig ertu í sambandi við vini þína og fjölskyldu nú þegar þú býrð úti?* Fjölskyldan mín er ofsalega dugleg að heimsækja okkur sem er yndislegt. Síðan er Skype alveg snilld þar sem við spjöllum nánast á hverjum degi og sjáum hvort annað. Pabbi minn les til dæmis nokkrum sinnum í viku fyrir Víking bók í gegnum samskiptaforritið Skype og segir sögur og það eru ofsalega dýrmætar stundir.

*Hvenær áætlið þið að flytja aftur heim til Íslands?* Það er ekki komin dagsetning á heimferð, kannski ár eða tvö. Lífið er allavega yndislegt hér núna og okkur gengur vel þannig að sjáum hvert lífið beinir okkur.

*Eitthvað að lokum?* Njóttu lífsins í dag og allra litlu hlutanna sem þér fannst áður sjálfsagðir og þú kemst að því að þeir eru STÓRKOSTLEGIR.

SOHO MARKET
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Grensásvegur 8 | Sími 553 7300 SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Opið mán – fim 12–18, fös 12–19, laug 12–17
SOHO MARKET




# Tökum þátt í söfnunardegi **Á allra vörum** á RÚV og Rás 2



## Bein útsending á RÚV og Rás 2

Við verðum í beinni útsendingu í fjörugum söfnunarþætti á RÚV í kvöld þar sem landsþekktir listamenn koma fram og skemmta áhorfendum. Rás 2 tekur einnig þátt í gleðinni með stórskemmtilegum uppákomum í allan dag. Vertu með og leggðu þitt lóð á vogarskálarnar. **Allt skiptir máli.**

## Eitt gloss getur breytt svo miklu

Átakið ***Á allra vörum*** stendur sem hæst með sölu á glossum frá Dior. Við söfnum fyrir stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur barna sem eru alvarlega veik og berjast fyrir lífi sínu á hverjum degi. Slík stuðningsmiðstöð mun skipta sköpum fyrir þessar fjölskyldur og létta undir með þeim í baráttunni við illvíga sjúkdóma.

**Hjálpum þessum ungu hetjum og kaupum *Á allra vörum* gloss frá Dior.**

Dior · vistor · MEDOR · FITON · truenorth

**Hringdu núna til að styðja söfnunina:**

**903 1000**
og þú gefur 1.000 kr.

**903 3000**
og þú gefur 3.000 kr.

**903 5000**
og þú gefur 5.000 kr.

**755 5000**
fyrir frjáls framlög

Fíton/SÍA

# NÝ MARKMIÐ SETT FYRIR VETURINN

**Á haustin er gott að endurskoða markmið sín þegar kemur að heilsu og hreyfingu. Sirrý Arnardóttir og Kristrún Ösp Barkardóttir sögðu Lífinu frá sínum markmiðum.**

## LANGAR AÐ KOMAST Í KEPPNISFORM

**Kristrún Ösp Barkardóttir, nemi og pistlahöfundur.**

**Hefurðu alltaf stundað reglulega hreyfingu?** Ég fer í raun í ræktina þegar ég er í stuði til og langar að fara. Hef verið að fara í spinning og lyfta aðeins á kvöldin. Annars finnst mér líka mjög notalegt að fara út að labba og fá þar hreyfingu og ferskt loft.

**Hvaða hreyfingu ætlar þú að stunda í vetur?** Nú er komin inn tímatafla í ræktinni hjá mér svo ég ætla að nýta mér tímana vel ásamt því að barnapössunin er komin með vetrartíma, ég verð of eirðarlaus að vera ein í salnum og enda því yfirleitt á spjallinu, því finnst mér gott að fara í tímana.

**Ertu búin að setja þér einhver ný markmið?** Ég ætla að vera komin í hrikalegt form á næsta ári og hugsa því að ég fái mér aðstoð einkaþjálfara. Mig langar að komast í keppnisform um það leyti sem sonur minn verður eins árs. Það er áskorun sem mér þætti gaman að ná, eiga bumbumynd af mér á settum degi og ári seinna í frábæru formi.



**Borðar þú reglulega yfir daginn?** Í hreinskilni sagt nei. Ég gleymi rosalega að borða og ef ég er á hraðferð þamba ég hreinan ávaxtasafa eða hámark. Hins vegar reyni ég að fá mér grænmeti, hrökkkex, túnfisk eða ávexti yfir daginn.

**Ætlarðu að tileinka þér eitthvað nýtt í eldamennskunni á næstunni?** Mig langar að læra að elda grænmetisrétti. Ég er rosalega hrifin af grænmeti og það nægir mér yfirleitt að borða meðlætið, smá sósu og sleppa kjötinu, finnst það oft óþarfi ef meðlætið er gott. Kjöt er líka orðið hrikalega dýrt í dag, svo ef fólki finnst grænmeti gott þá er það ekkert nema jákvætt.

**Hvaða vítamín tekur þú daglega?** Ég tek fjölvítamín þegar ég man eftir því! Ég hef aldrei verið mikil vítamín- og lýsismanneskja því ég einfaldlega gleymi að taka það annan hvern morgun svo virknin er kannski ekki að skila sér. Ég er hins vegar mjög heilsuhraust í fínu formi og verð sárasjaldan lasin.

## STENDUR REGLULEGA Á HÖNDUM

**Sirrý Arnardóttir, fjölmiðlakona og rithöfundur**

**Hefurðu alltaf stundað reglulega hreyfingu?** Ég hef alltaf stundað hreyfingu af einhverju tagi. Ekki endilega þannig að það sé inni í stundaskránni heldur hef ég þörf fyrir að hreyfa mig svo það er hluti af mínu lífi. Ég hreyfi mig vegna þess hve það hefur góð áhrif á geðið og orkuna.

**Hvaða hreyfingu ætlar þú að stunda í vetur?** Í vetur mun ég stunda Þakklætisgöngur eins og undanfarin ár.Sjá nánar í bókinni minni ,,Laðaðu til þín það góða". Ég geng hratt, langt og reyni að nýta mér brattar brekkur og líka orkuna frá hafinu. Svo ætla ég að lyfta lóðum og fara í tíma þar sem eru góðar teygjur.

**Ertu búin að setja þér einhver ný markmið?** Markmið mín eru að halda áfram á sömu braut. Ég passa að fara reglulega í brú, standa á höndum og liðka mig og styrkja í daglegu lífi. Og nýlega var ég hjá góðum sjúkranuddara sem sagði að þetta væri hárrétt og mikilvægt þar sem ég er með hryggskekkju og þarf mjög á því að halda að gera slíkar æfingar.



Annað markmið fyrir veturinn er að fara sem sjaldnast í bakarí. Bakkelsi er farið að virka eins og svefnlyf á mig.

**Borðar þú reglulega yfir daginn?** Ég hélt að ég borðaði reglulega yfir daginn en eftir að ég fór að fara eftir bókinni Létta leiðin, sem var til umfjöllunar hjá mér á sunnudaginn á Rás 2, þá finn ég að ég drekk allt of lítið vatn og borða of sjaldan. Svo það er að breytast til batnaðar hjá mér. Ég mæli með þessari bók.

**Ætlarðu að tileinka þér eitthvað nýtt í eldamennskunni á næstunni?** Það er mjög mismunandi hve gaman ég hef af eldamennsku. En um þessar mundir er ég í miklu stuði og elda mikið eftir bókinni hennar Rósu Guðbjartsdóttur, sem er frábær bók. Og ég baka gjarnan bláberjamúffur og fleira hollt úr nýju bókinni hennar Nönnu Rögnvaldar.

**Hvaða vítamín tekur þú daglega?** Daglega tek ég lýsi, Norkrill (því ég hef mikla trú á Omega 3 og D vítamíni.)






## EBBA ELDAR MEÐ LATABÆ



**Ebba eða PureEbba er komin í lið með Latabæ og ætlar nú að kenna allri fjölskyldunni að elda hollt í glænýrri matreiðslubók. Bókin kemur í verslanir síðar í þessum mánuði.**

***Ebba deildir hér með Lífinu einföldum bollum úr bókinni.***

**Gerlausar ostabollur í bollakökuformum**

*Þessar eru í algjöru uppáhaldi heima hjá mér og yfirleitt bakaðar um helgar. Þær er fljótlegt að gera þótt innihaldslýsingin virðist flókin.*

**Innihald**

350 g gróft spelt (eða gróft og fínt til helminga)
3 tsk vínsteinslyftiduft
1 tsk sjávarsalt
1-2 dl heitt vatn, fer eftir því hvort þið notið gróft eða fínt spelt, byrjið með 1 dl og bætið við í lokin ef með þarf
100 g rifinn feitur ostur (ég mæli með því að nota ost sem er eins lítið unninn og hægt er)
1 egg (má sleppa)
3 msk kaldpressuð ólífuolía
200 ml aukaefnalaus kókosmjólk (eða önnur mjólk sem þið viljið nota)
1-2 pressuð hvítlauksrif (má sleppa)



**Aðferð**

1. Ofninn hitaður í 180°C.
2. Spelti, lyftidufti og sjávarsalti blandað vel saman í skál.
3. Heitu vatni hellt yfir þurrefnin.
4. Rifnum osti bætt út í og blandað aftur aðeins saman.
5. Í annarri skál hrærið þið saman egg, olíu og kókosmjólk.
6. Hvítlauksrifið pressað og sett út í olíublönduna. Einnig má hér bæta við öllu öðru sem ykkur dettur í hug; rifnum parmesan, sólþurrkuðum tómötum, ólífum, chili, hverju sem er!
7. Þurrefnunum og blautu efnunum blandað saman með sleif en hrært sem minnst (ef deigið er of þurrt bætið þið aðeins við af heitu vatni, 1⁄2-1 desílítra eða svo).
8. Deigið (sem er fremur klístrað!) sett með tveimur skeiðum í bollakökuform (ég nota ofnskúffuna mína undir bollakökuformin). Þetta gerir 15- 20 form en magn fer eftir stærð formanna.
9. Bollurnar eru svo bakaðar í 15-18 mínútur.

**Það er gott að dýfa bollunum nýbökuðum í smá ólífuolíu og himalajaeða sjávarsalt.*
**Einnig er gott að blanda saman jöfnum hlutum af rauðu pestói, lífrænni tómatsósu og lífrænni tómatpúrru sem og vænni skvettu af kaldpressaðri ólífuolíu og dýfa svo í.*


FLORIDANA
HEILSUSAFI
Floridana Heilsusafi er sneisafullur af hollustu sem gefur þér orku frá morgni til kvölds. Heilsusafi er ferskur 100% ávaxtasafi úr eplum, appelsínum, gulrótum, sítrónum og límónum.
Floridana Heilsusafi er einstaklega ljúffengur, passar vel með mat og hittir alltaf í mark á milli mála!
100% SAFI
Floridana
HEILSUSAFI
FÍTON / SÍA
Floridana
LIFÐU VEL!

# SINDRI KÍKIR Í HEIMSÓKN

Nýir lífstílsþættir, Heimsókn, í umsjón fréttamannsins og fagurkerans **Sindra Sindrasonar** sem flestum er góðu kunnur úr þáttunum Ísland í dag hefja göngu sína á morgun, laugardag, á Stöð 2. Í þáttunum heimsækir hann allt frá hönnuðum og arkitektum til pólitíkusa og svo allt þar á milli. Þættina kemur Sindri til með að vinna meðfram því að vera aðstoðarritstjóri Íslands í dag. Þættirnir hefjast á heimsókn til Rutar Káradóttur innanhúsarkitekts.



## OF MONSTERS AND MEN HJÁ RAGNHILDI

Ný þáttarröð af Ísþjóðinni hefst á ný á sunnudagskvöldið á Rúv. Í þessum fyrsta þætti vetrarins hittir **Ragnhildur Steinunn**, umsjónarmaður þáttarins, meðlimi hljómsveitarinnar Of Monsters and Men sem hafa átt ótrúlegri velgengni að fagna.



## Helgar-MATURINN



**Svava Gunnarsdóttir** „Ég hef verið svo heppin að fá rabarbara frá vinkonu minni síðustu ár. Ég hef skorið hann niður og fryst í litlum pokum og get því unað mér rabarbarapæ yfir veturinn. Mér þykir þetta rabarbarapæ best heitt með góðum vanilluís og baka það oft þegar mig langar að bjóða upp á góðan eftirrétt eða til að hafa með kaffinu,“ segir Svava sem heldur úti heimasíðunni Ljufmeti.com og á Facebook, facebook.com/ljufmeti, en þar deilir hún einföldum og skemmtilegum uppskriftum.



**Rabarbarapæ**
500 gr rabarbari
2 msk kartöflumjöl
0,5 - 0,75 dl kanilsykur

**Deig**
3,5 dl hveiti
1 dl kókosmjöl
1 dl sykur
150 gr smjör eða smjörlíki

Hitið ofninn í 200°. Skerið rabarbarann í 1/2 cm þykkar sneiðar og leggið í botninn á eldföstu móti. Stráið kartöflumjöli og kanilsykri yfir.
Og það gerir fjórða myndin svo sannarlega, fylgir formúlunni og gerir það býsna vel, þótt hún standi hinum þremur nokkuð að baki. Myndin er beint framhald þeirrar þriðju. Bourne er reyndar sjálfur á bak og burt en í hans stað er kominn til skjalanna kollegi hans Aaron Cross, annar útvalinn njósnari af sama meiði, leikinn af fantagóðum Jeremy Renner. Vegna afhjúpana Bourne sjá æðstu valdamenn öryggismála sig knúna til að leysa upp njósnahringinn sem Bourne og Cross tilheyra og útrýma honum. En Cross kemst undan yfirboðurum sínum og lendir í æsilegu kapphlaupi við tímann því hann hafði verið tilraunadýr sem gekk fyrir sérstökum lyfjakokteil sem gerir hann næsta ódauðlegan og ef hann fær ekki lyfið þá lamast heilastarfsemin með öllu.

Það leynir sér ekki að fjórða myndin nýtur ekki góðs af afbragðs leikstjórum fyrri myndanna, Doug Liman og Paul Greengrass. Leikstjórinn Tony Gilroy, sem skrifað hefur handritið að öllum myndunum, er reyndar enginn aukvisi – leikstýrði m.a. Michael Clayton - en hér nær hann ekki sama flugi. Myndin er helst til of sein í gang, flókin og samofin sögu þriðju myndarinnar til að hún haldi nægilega vel. En fyrirtaks leikhópur, með þau Renner, Rachel Weisz og Edward Norton fremst í flokki, og meistaralega gerðar hasarsenur bjarga henni þó fyrir horn. Og þegar myndin nær loks flugi þá nær hún slíku háflugi að hugmyndin um fimmtu myndina virðist ekki lengur svo galin. Skyldi vinnutitillinn vera Bourne Again?

Skarphéðinn Guðmundsson



**NJÓSNATRYLLIR** Fyrirtaks leikhópur bjargar The Bourne Legacy fyrir horn að mati gagnrýnanda.

**Niðurstaða:** Stendur fyrri myndunum að baki en engu að síður frambærilegur njósnatryllir sem byggir á óvenju traustri formúlu.



**ROGER MOORE** Fyrrverandi 007 tekur þátt í uppákomunum í Bretlandi.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Stjörnur úr Bond hittast

Roger Moore og fleiri stjörnur úr James Bond-myndunum ætla að koma fram á frægum tökustöðum þeirra í Bretlandi á næstunni. Tilefnið er fimmtíu ára afmæli myndanna um 007.

Fyrrum Bond-stúlkurnar Eunice Gayson, Britt Ekland og Shirley Eaton verða á meðal stjarnanna, auk illmennisins Richard Kiel. Þau munu heimsækja skoska kastalann Eilean Donan, Penbryn-ströndina í Wales og Stoke-garðinn á Englandi. Nýjasta myndin um James Bond, Skyfall, kemur í bíó í næsta mánuði. Sem fyrr fer Daniel Craig með hlutverk njósnara hennar hátignar.



**VICKY** Frumsýnir nýtt myndband í næstu viku.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vicky í pásu

Ástrós Ósk Jónsdóttir, bassaleikari rokkhljómsveitarinnar Vicky, er á leiðinni til Bandaríkjanna þar sem hún verður í skóla í vetur. Af þeim sökum verður sveitin í fríi á meðan.

Vicky frumsýnir í vikunni glænýtt myndband við lagið Lullaby, fyrsta lagið á annarri breiðskífu sveitarinnar, Cast a Light, sem kom út í október á síðasta ári. Leikstjóri myndbandsins, sem er líklega það síðasta í bili hjá sveitinni, er Óskar Bragi Stefánsson og fer það til að byrja með í loftið á Popptíví og á Youtube.




LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
10 ára

Á HAUSTDÖGUM VARÐ LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK 10 ÁRA. AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ ÞÉR AÐ TAKA ÞÁTT Í AFMÆLISDAGSKRÁ **FÖSTUDAGINN 14. SEPTEMBER** Í HÚSNÆÐI SKÓLANS.

**Dagskrá**

**Dómsalur 1. hæð**
10:30–12:00 **HELLAKÖNNUÐAMÁL** Lon L. Fullers. (The case of the speluncean explorers) Málflutningur og dómsuppsaga Hæstaréttar Háskólans í Reykjavík.

LAGAKENNSLA OG SIÐFERÐI LÖGFRÆÐINGA – MÁLÞING

**Stofa V101**
15:00–15:10 **Guðmundur Sigurðsson**, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík
15:10–15:45 **Rasmus Kristian Feldthusen**, prófessor og formaður námsráðs lagadeildar Kaupmannahafnarháskóla
15:45–16:00 **Kaffihlé**
16:00–17:30 **Sigurður Tómas Magnússon**, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, stýrir umræðum um lagakennslu og siðferði lögfræðinga

**Þátttakendur verða:**
**Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra
**Arnar Þór Jónsson**, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík
**Björn Bjarnason**, fyrrverandi menntamálaráðherra
**Jóhannes Karl Sveinsson**, hæstaréttarlögmaður
**Róbert R. Spanó**, forseti lagadeildar Háskóla Íslands
**Sigríður Árnadóttir**, saksóknarfulltrúi og fyrrverandi nemandi í lagadeild Háskólans í Reykjavík

Fundarstjóri er **Þórður S. Gunnarsson**, héraðsdómari og fyrrverandi forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Skráning á málþingið er með tölvupósti á netfangið **skraning@hr.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

# BLYGÐUNARLAUST POPP

Tónlist ★★★★☆

**Þórunn Antonía**
Star Crossed

**Sena**




Það vakti strax fögur fyrirheit þegar fyrstu ávextir samstarfs Þórunnar Antoníu og eitísboltans Davíðs Berndsen komu fyrir augu og eyru almennings fyrir hartnær tveimur árum. Áður hafði söngkonan sent frá sér eina sólóplötu (Those Little Things frá 2002 þegar hún var aðeins átján ára gömul), búið erlendis þar sem hún þandi raddböndin með mörgum og misþekktum listamönnum og öðlast nokkuð víðtæka reynslu af skemmtanabransanum, en fáum þeirra sem fylgdust með duldist hversu fullkomlega tvíeykið var á sömu línu þegar kom að tónlistarsköpun. Fyrsta lagið sem fór í spilun, For Your Love, var útvarpssmellur sem sameinaði það besta úr diskóinu og nýrómantíkinni með grípandi laglínu og höggþéttri hljóðblöndun sem féll einkar vel að áreynslulausri raddbeitingu Þórunnar Antoníu. Mest hressandi var þó hversu afurðin virkaði óþvinguð. Þarna var verið að búa til blygðunarlaust popp, hvorki tommu til né frá, og það gekk glæsilega upp.

Sömu sögu er að segja af lögunum sem Þórunn Antonía hefur varpað niður með reglulegu millibili í aðdraganda þessarar annarrar sólóplötu sinnar, Star Crossed, og einnig þeim sem nú heyrast í fyrsta sinn. Hermigervill og Oculus hafa bæst í hóp aðstoðarmanna og er það vel. Out Of Touch, Too Late og So High hafa öll heyrst töluvert í útvarpi, enda dilli- og dansvæn með eindæmum og melódíurnar hreinlega bráðna í eyrum. Titillagið verður að teljast líklegt til vinsælda, eins og þar stendur, og einnig Electrify My Heartbeat þar sem örlítið er hægt á hjólunum með góðum árangri. Skemmtilegustu glaðningarnir eru þó Lovers in the Night og Time Difference, hvort tveggja afskaplega vel samin popplög með sinn x-faktorinn hvort (svuntuþeysissóló sem daðrar við hallærislegheit í því fyrrnefnda og hinn löngum vanmetna talkafla í hinu síðarnefnda).

Helst mætti setja út á hversu sjaldgæft er að vikið sé frá formúlunni og ekki ólíklegt að örlítið meiri tilraunamennska hefði gert plötuna enn betri. Á móti kemur að téð formúla virkar vel og smurt. Kostir og gallar ástarinnar eru alltumlykjandi í textum og úr verður svöl poppplata sem minnir um margt á horfna tíma en gæti átt gott líf í vændum í framtíðinni. **Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Þórunn Antonía blaktir á flunkufínni poppplötu.



**GÓÐUR** Jón Gnarr segir Clarke Peters ekki vera uppáhaldsleikara sinn úr The Wire, þó hann sé mjög góður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gnarr aðdáandi

Borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, og Clarke Peters, leikari úr sjónvarpsseríunni The Wire, voru meðal þeirra sem kynntu dagskrá ráðstefnunnar Spirit of Humanity Forum í Höfða í gær. Jón Gnarr er mikill aðdáandi þáttana og í tímaritinu The Reykjavík Grapevine sem kom út í mars 2012 lét hann hafa það eftir sér að hann myndi aldrei fara í stjórnarsamstarf með neinum sem hefði ekki horft á þá. Aðspurður sagði hann Peters þó ekki vera uppáhaldsleikara sinn úr þáttunum, en kvað hann þó vera mjög góðan. **- trs**

# Komst ekki með Suri

Leikarinn Tom Cruise var ekki á staðnum er dóttir hans, Suri, hóf skólagöngu sína í vikunni. Eins og flestum er kunnugt skildu Cruise og Katie Holmes fyrir nokkrum mánuðum en Holmes fékk fullt forræði yfir dótturinni. Skólabyrjun Suri átti hins vegar að vera í fyrsta sinn sem fyrrum hjónin kæmu saman eftir skilnaðinn en Cruise ku hafa verið upptekinn í vinnu.



**VINNUHESTUR** Tom Cruise ásamt dóttur sinni Suri.

Holmes settist að í New York eftir hjónaskilnaðinn í sumar og skráði Suri í kaþólskan einkaskóla en það er talin vera hennar leið til að losa sig alfarið við Vísindakirkjuna þar sem Cruise er áhrifamikill.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL RETRIBUTION 2D | 8, 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 5.50, 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 4 | L |
| PARANORMAN 3D | 4 | 7 |
| INTOUCHABLES | 4, 5.50, 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| CAMPAIGN Luxus VIP | KL. 4 - 6 - 8 | 2D | VIP |
| FROST | KL. 6 - 8 - 10:45 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY Luxus VIP | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 4 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | 4 - 6 - 8 - 10 - 10:50 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| BRAVE | KL. 3:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 | KL. 4 - 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8:40 - 10:20 | 2D | 16 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 5:50 | 2D | 12 |
| FROST ÍSL. TALI | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| THE BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 6 - 10:10 | 2D | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 5.50 -8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 10.20 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY LÚXUS | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| SVANAVATNIÐ 3D | KL. 7 | L |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 10.30 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10.30 | 16 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 12 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FÖSTUDAGUR: AUGUST EIGHTH 20:00 ■ A SEPERATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVIK-NOR: EN KONGELIG AFFÆRE 17:20, 22:40 ■ KVIK-NOR: COMPANY ORHEIM 20:00 ■ KVIK-NOR: Á ANNAN VEG 18:00 ■ KVIK-NOR: THE PUNK SYNDROME 22:00 ■ ELLES (ÞÆR) 20:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 22:10 ■ FJALLKONAN HRÓPAR Á VÆGÐ 18:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



2 VILD ER SNILLD

# NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI




FÍTON / SÍA

## Sjálfvirkur afsláttur frá samstarfsaðilum beint í vasa áskrifenda

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á **MÍNAR SÍÐUR** á **WWW.STOD2.IS.**
Ört vaxandi hópur samstarfsaðila. Fylgstu með!

**VIRKJAÐU**
Fardu á stod2.is/vild og skráðu kreditkortið þitt.

**VERSLAÐU**
Þú þarft ekkert að gera. Afslátturinn er við kassa.

**SPARAÐU**
Þú sparar á hverjum degi. Fjöldi samstarfsaðila.

# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNAR MÁR GARÐARSSON** úr GKG vann í gær hið sterka unglingamót, Duke of York-golfmótið, en hann er annar íslenski kylfingurinn á þremur árum sem vinnur þetta virta mót. Fyrir tveimur árum vann Guðmundur Ágúst Kristjánsson úr GR. Ragnar var í sjöunda sæti fyrir lokahringinn á Royal Troon-vellinum en náði að vinna sig upp töfluna með góðum lokahring og hafði að lokum betur eftir þriggja holu bráðabana. Andrew Bretaprins stendur að mótinu og veitti Ragnari Má bikarinn í mótslok.

# Möguleiki á fullum bata

**Kolbeinn Sigþórsson fer í dag í aðgerð á öxl sem hann hefur verið að hlífa svo árum skiptir. Fram undan eru mikilvægir leikir með bæði félagsliði Kolbeins og íslenska landsliðinu sem hann missir af. „Ansi erfitt að taka þessu,“ segir hann.**

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson, framherji Ajax og íslenska landsliðsins, fékk í gær þær fregnir að hann þyrfti að fara í aðgerð og yrði af þeim sökum frá næstu fjóra mánuðina. Kolbeinn hefur verið að glíma við meiðsli í öxl og verður aðgerðin framkvæmd í dag.

„Þetta var ákveðið eftir samráð við sérfræðinga sem ég hef hitt. Þetta er skásti kosturinn í stöðunni,“ sagði Kolbeinn í samtali við Fréttablaðið í gær. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hann fer í aðgerð vegna þessara axlarmeiðsla.

„Hin heppnaðist ekki nógu vel en það jákvæða er að nú á ég möguleika á að ná fullum bata. Til þess þarf aðgerðin og endurhæfingin að ganga vel en læknarnir eru bjartsýnir á að það takist. Ef það fer allt vel á ég möguleika á að spila á ný með 100 prósenta öxl. Ég hlakka mikið til þess,“ segir Kolbeinn.

### Fimm ára gamalt vandamál

Hann hefur átt í vandræðum með öxlina síðan hann varð fyrir óhappi fyrir um fimm árum síðan. „Þá datt ég um tvo metra og lenti á steini. Ég fór úr lið og brotnaði aðeins úr beininu. Eftir það hefur öxlin aldrei verið fyllilega góð,“ segir Kolbeinn en aðspurður segist hann ekki vilja greina nánar frá aðstæðum þess þegar óhappið varð.

„Það var einfaldlega algert óhapp og alger óþarfi að líta til baka á það,“ segir hann. Um tveimur árum síðar fór öxlin að vera til sífellt meiri vandræða.

„Ég fór þá úr axlarlið og það gerðist í nokkur skipti í röð. Þá var ákveðið að fara í aðgerð en þrátt fyrir hana varð öxlin aldrei eins og ég vildi hafa hana. Síðan þá hef ég verið að hlífa mér á æfingum og í leikjum,“ segir hann.

Kolbeinn var einnig lengi frá á síðasta tímabili eftir að hafa farið í aðgerð vegna ökklameiðsla. Þá kannaði hann möguleikann á því að nýta tækifærið og láta laga öxlina um leið.

„Það reyndist ekki hægt vegna þess að ég mátti ekki stíga í fótinn fyrstu sex vikurnar og þurfti því að vera á hækjum. Ég reyndi því að styrkja öxlina eins vel og ég gat en komst svo ekki lengra en þetta.“ Ljóst er að Kolbeinn mun missa af mörgum spennandi leikjum sem eru fram undan, bæði með félagsliði hans og íslenska landsliðinu. Kolbeinn spilar með Ajax í Hollandi en liðið er í gríðarsterkum riðli í Meistaradeildinni með deildarmeisturum þriggja stórvelda í evrópskri knattspyrnu – Manchester City, Real Madrid og Dortmund.

„Ef það er hægt að tala um versta mögulega tímann til að meiðast þá er það þessi. Tímabilið er nýhafið og allir þessir leikir fram undan. Það er afar súrt að þurfa að missa af þessu,“ segir hann.

Kolbeinn er einnig lykilmaður íslenska landsliðinu og mun hann missa af leikjum þess gegn Albaníu og Sviss í næsta mánuði. Hann missti einnig af leikjum þess gegn Noregi og Kýpur.

### Áður komið mér í gegnum meiðsli

Þrátt fyrir að Kolbeinn hafi mátt þola ýmislegt á stuttum ferli stefnir þessi 22ja ára kappi að því að koma tvíefldur til baka.

„Ég hef þurft að koma mér í gegnum erfið meiðsli áður og staðist þær raunir. Ég hef aldrei leitt hugann að því að ferillinn kynni að vera í hættu eða neitt slíkt. Ég verð bara að líta á jákvæðu hliðarnar og byggja mig upp ný, hægt og rólega.

eirikur@frettabladid.is



**SNÝR AFTUR Á NÝJU ÁRI** Ef allt gengur að óskum mun Kolbeinn Sigþórsson geta spilað á ný í janúar á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

> Ef það er hægt að tala um versta mögulega tímann til að meiðast þá er það þessi.
>
> **KOLBEINN SIGÞÓRSSON**
> AJAX OG ÍSLENSKA LANDSLIÐINU



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** Var með á æfingu landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margrét Lára mætt til Íslands:

## Fer í aðgerð við fyrsta tækifæri

FÓTBOLTI Margrét Lára Viðarsdóttir er komin til móts við íslenska kvennalandsliðið og verður væntanlega með í mikilvægum leikjum á móti Norður-Írlandi og Noregi. Markahæsti leikmaður liðsins var ekki í hópnum til að byrja með vegna meiðsla en tók þátt í síðasta leik Kristianstad og landsliðsþjálfarinn kallaði á hana í framhaldinu.

„Þetta er bara svona dæmigert hvernig hlutirnir eru búnir að þróast hjá mér undanfarin ár. Ég veit aldrei hvað næsti dagur ber í skauti sér varðandi þessi meiðsli. Ég er komin hingað með landsliðinu, ég er ánægð með það. Ef ég get hjálpað liðinu mínu úti og verið til staðar fyrir það þá er ég að sjálfsögðu til staðar ef kallið kemur frá landsliðsþjálfaranum,“ sagði Margrét Lára.

„Ég átti mjög erfiða daga eftir að ég tilkynnti Sigurði að ég væri ekki að fara að vera með. Það var óvænt ánægja að fá að koma heim og fá tækifæri til að spila þessa leiki,“ sagði Margrét Lára sem hefur skorað 66 mörk í 82 landsleikjum.

„Ég er bjartsýn núna því ég fór til Noregs um síðustu helgi og fékk að vita að ég væri með ákveðið heilkenni (Compartment syndrome) og þyrfti að fara undir hnífinn. Það er orðið ljóst að ég mun fara mjög fljótlega í aðgerð. Þetta er ekki hægt að laga nema með skurðaðgerð. Ég geri mitt besta og vona að líkaminn haldi vel þangað til,“ sagði Margrét Lára.

„Þetta eru geggjaðir leikir og maður fær bara gæsahúð við tilhugsunina. Við erum búnar að bíða í fjögur ár eftir því að tryggja okkur aftur inn á stórmót,“ sagði Margrét að lokum en leikurinn við Norður-Íra fer fram í Laugardal á morgun.

- óój

Katrín Jónsdóttir leikfær:

## Lærið í lagi en ökklinn teygður

FÓTBOLTI Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalands-liðsins, er bjartsýn á að geta tekið þátt í afar mikilvægum landsleikjum á móti Norður-Írlandi og Noregi í undankeppni EM. Katrín æfði ekki með liðinu í gær en það var þó vegna annarra meiðsla en ógnuðu þátttöku hennar í lokaleikjum undankeppninnar.

„Staðan er alveg ágæt. Ég er búin að vera æfa fótbolta í tvær vikur og það hefur verið mjög hraður bati á lærinu síðustu vikuna. Ég var með á æfingu í gær þar sem lærið háði mér ekki neitt en ég náði aðeins að togna á hægri ökkla. Ég held að það hafi verið algjör óheppni og þetta er ekki alvarlegt. Ég ákvað í samráði við Sigga að hvíla í dag en ég hefði alveg verið til í að „teipa“ ökklann og vera með,“ sagði Katrín. Hún missti af sínum fyrsta landsleik í tæp sex ár í byrjun ágúst. „Það var ömurlegt að missa af Skotaleiknum og ég var lengi að pirra mig á því. Þetta er samt bara í annað skiptið sem ég missi af landsleik út af meiðslum og ég get ekki kvartað,“ segir Katrín. Íslenska liðið á mjög góða möguleika á að komast inn á annað Evrópumótið í röð og tryggir sér að minnsta kosti sæti í umspili með sigri á Norður-Írlandi á morgun.

„Þessi leikir skipta miklu meira máli en ég og þá sérstaklega fyrri leikurinn á móti Norður-Írlandi. Það eru allir með fulla einbeitingu á honum. Ef við vinnum þann leik þá erum við búnar að tryggja okkur umspilsleik í október og það er því mjög mikilvægt að ná þremur stigum út úr þeim leik,“ sagði Katrín.

- óój



**KATRÍN JÓNSDÓTTIR** Er bjartsýn á að geta verið með. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

ALLT Á AÐ SELJAST!

## Verslunin að KORPUTORGI lokar

# 50-70%

afsláttur á öllum vörum
í versluninni á meðan birgðir endast

70% afsláttur á öllum myndarömmum

70% afsláttur á öllum búsáhöldum

70% afsláttur á allri snyrtivöru

70% afsláttur á öllum verkfærum

# 50%

afsláttur á JÓLAVÖRUM

Nú er rétti tíminn til að versla jólavörurnar!

70% afsláttur á öllum silkiblómum

70% afsláttur á öllum kertum og servíettum

70% afsláttur á öllum skóm

70% afsláttur á öllum blómapottum

ATH! Afslátturinn gildir eingöngu í verslun Europris að Korputorgi

WWW.EUROPRIS.IS

**> Stöð 2 kl. 20.10**
## Spurningabomban

***Logi Bergmann Eiðsson snýr aftur með glænýja þáttaröð af Spurningabombunni, sem sló í gegn hjá áhorfendum sl. vetur. Í fyrsta þættinum mæta gleðigjafarnir Þorsteinn Guðmundsson og Anna Svava Knútsdóttir tónlistarmönnunum Birni Jörundi Friðbjörnssyni og Jóni Ólafssyni úr Nýdanski. Klukkan 21.00 hefst síðan ný þáttaröð af The X Factor.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON **GREINIR SJÓNVARPSEFNI**

# *Snilli anekdótanna*

Kvikmyndagerðarmaðurinn og handritshöfundurinn Aaron Sorkin er með þeim farsælli í Hollywood. Hann hefur skrifað fjöldann allan af vinsælum kvikmyndum og var þar að auki heilinn á bak við sjónvarpsþættina frábæru Vesturálmuna sem sópuðu að sér Emmy-verðlaunum ár eftir ár á síðasta áratugi. Nýverið sendi Sorkin frá sér nýja sjónvarpsþætti sem nefnast The Newsroom (Fréttastofan?). Fyrir þá sem þekkja fyrri verk Sorkin eru mörg stefin í nýju þáttunum kunnugleg. Til dæmis eru flestar persónurnar afburðaklárar, tala gríðarlega hratt án þess að mismæla sig nokkru sinni og virðast geta haldið haldið langar, vel uppbyggðar og skynsamar einræður um svo til hvað sem er. Ég hef alveg frá því að ég kynntist Vesturálmunni haft mjög gaman af þessari persónusköpun þótt ég viti til þess að hún fari í taugarnar á mörgum. Það er hins vegar annað og ekki eins augljóst einkenni Sorkin-persóna sem ég veitti einu sinni athygli. Sorkin-persónur eiga mjög oft í rökræðum og vinna yfirleitt. Stundum kemur þó fyrir að rökvísi og almenn skynsemi þeirra nægir ekki til að sannfæra hinn aðilann. Þá grípa persónurnar ansi oft til þess að rifja upp einhverja snilldarlega viðeigandi anekdótu sem varpar skýrara ljósi á málið og viti menn, hin persónan sannfærist. Ég taldi mig á sínum tíma hafa gert meiriháttar uppgötvun þegar ég kom auga á þetta og reyndi um tíma að leika þetta eftir í eigin rökræðum. Það væri svo sem efni í annan pistil en skemmst er frá því að segja að raunveruleikinn er sjaldnast eins og í sjónvarpinu.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Á söngleiðum **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Urðakettir - íbúafundur 39 árum eftir gos **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leonard Cohen: Hermaður, spámaður, elskhugi og skáld **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**16.20 Sigfús Halldórsson** (e) Sigfús var virtur og dáður sem tónskáld um sína daga. Hann samdi fjölda laga sem urðu afar vinsæl, meðal annars við ljóð eftir Tómas Guðmundsson. Í þessari dagskrá er rætt við hann um tónlistina og hann syngur lögin sín ásamt fjölmörgum listamönnum í upptökum Sjónvarpsins frá ýmsum tímum, allt frá 1966.

**17.20 Snillingarnir** (59:67) (Little Einsteins)

**17.44 Bombubyrgið** (5:26) (Blast Lab)

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Gómsæta Ísland** (5:6) (Delicious Iceland) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Á allra vörum** Bein útsending frá landssöfnun fyrir börn sem eru fædd með sjaldgæfa, alvarlega og ólæknandi sjúkdóma. Umsjónarmaður er Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.

**22.05 Millibilsást** (The Rebound) Í þessari rómantísku gamanmynd heillar einstæð móðir í New York nágranna sinn, sér mun yngri mann. Leikstjóri er Bart Freundlich og meðal leikenda eru Catherine Zeta-Jones, Justin Bartha og Art Garfunkel. Bandarísk bíómynd frá 2009.

**23.40 Nixon** (Nixon) Bíómynd frá 1995 um Richard M. Nixon forseta Bandaríkjanna sem endaði stjórnarferil sinn með skömm. Leikstjóri er Oliver Stone og meðal leikenda eru Anthony Hopkins, Joan Allen, Powers Boothe, Ed Harris, Bob Hoskins, David Paymer, David Hyde Pierce, Paul Sorvino og James Woods.

**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Diary of A Wimpy Kid**
**10.00 Dear John**
**12.00 Ultimate Avengers**
**14.00 Diary of A Wimpy Kid**
**16.00 Dear John**
**18.00 Ultimate Avengers**
**20.00 My Best Friend's Girl**
**22.00 Pride and Glory**
**00.10 The Jackal**
**02.10 The A Team**
**04.05 Pride and Glory**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (13:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (145:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (18:30)
**10.50 Cougar Town** (13:22)
**11.15 Jamie Oliver's Food Revolution** (6:6)
**12.05 Stóra þjóðin** (2:4)
**12.35 Nágrannar**

**13.00 Picture This** Rómantísk gamanmynd með Ashley Tisdale og Kevin Pollak í aðalhlutverkum. Vinsælasti strákurinn í skólanum býður Mandy í partí en eini vandinn er að hún er í stofufangelsi.

**14.40 Tricky TV** (14:23)
**15.05 Sorry I've Got No Head**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.13 Nágrannar**
**17.38 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (4:22)

**19.45 Týnda kynslóðin** (2:24) Skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.

**20.10 Spurningabomban** (1:12) Logi Bergmann egnir saman tveimur liðum.

**21.00 The X-Factor** (1:26) Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni. Breytingar hafa verið gerðar á dómefndinni en auk þeirra Simon Cowell og L.A. Reid hafa nú bæst í hópinn Britney Spears og Demi Lovato.

**22.25 The X-Factor** (2:26)

**23.10 The Deal** Útbrunninn kvikmyndaframleiðandi ákveður að fjármagna mynd fyrir frænda sinn en með því skilyrði að hann fái stórstjörnu til að leika aðalhlutverkið. Meg Ryan og William H. Macy leika í myndinni.

**00.50 Saw IV**
**02.25 Angels & Demons**
**04.40 Spurningabomban** (1:12)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**15.50 Undankeppni HM: England - Úkraína**

**17.35 Þýski handboltinn: TUSEM Essen - Fuchse Berlin**

**19.00 KPMG-mótið** Úrvalslið Reykjavíkur mætir úrvalsliði landsbyggðarinnar í bráðfjörugu móti í anda Ryder-bikarsins.

**20.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**

**20.30 La Liga Report**

**21.00 Muhammad and Larry** Heimildarmynd um frægan boxbardaga Muhammad Ali og Larry Holmes í október 1980. Ný viðtöl varpa nýju ljósi á bardagann og sýnd eru myndbrot sem aldrei hafa verið sýnd áður úr herbúðum beggja boxaranna fyrir bardagann.

**21.55 UFC 121** Mótið frá því í okt. 2010.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.25 Sunnudagsmessan**
**18.40 Man. City - QPR**
**20.30 Premier League Preview Show 2012/13**
**21.00 Premier League World 2012/13**
**21.30 Football League Show 2012/13**
**22.00 Premier League Preview Show 2012/13**
**22.30 WBA - Liverpool**

### krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.

**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**

**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.

**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (22:25)
**17.55 Tricky TV** (22:23)

### POPP TÍVÍ

**17:05 Simpson-fjölskyldan**
**17:25 Íslenski listinn**
**17:50 Sjáðu**
**18:15 Glee** (22:22)
**19:00 Friends**
**19:25 Simpson-fjölskyldan**

**19:50 The Secret Circle** (4:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.

**20:30 The Vampire Diaries** (4:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár.

**21:15 Pretty Little Liars** (5:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.

**21:55 Breakout Kings** (4:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.

**22:40 The Secret Circle** (4:22)
**23:20 The Vampire Diaries** (4:22)
**00:05 Pretty Little Liars** (5:25)
**00:45 Breakout Kings** (4:13)
**01:30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### GULL

**18.15 Doctors** (26:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 The Big Bang Theory** (20:24)
**20.05 2 Broke Girls** (19:24)
**20.30 How I Met Your Mother** (23:24)
**20.50 Up All Night** (7:24)
**21.15 Mike & Molly** (5:23)
**21.35 Veep** (3:8)
**22.05 Weeds** (8:13)
**22.35 Ellen**
**23.20 The Big Bang Theory** (20:24)
**23.40 2 Broke Girls** (19:24)
**00.05 How I Met Your Mother** (23:24)
**00.25 Up All Night** (7:24)
**00.45 Mike & Molly** (5:23)
**01.05 Veep** (3:8)
**01.35 Weeds** (8:13)
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 One Tree Hill** (9:13) (e)
**17.35 Rachael Ray**

**18.20 GCB** (2:10) (e) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt.

**19.10 America's Funniest Home Videos** (11:48) (e)

**19.35 America's Funniest Home Videos** (27:48)

**20.00 The Biggest Loser** (19:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**21.30 The Voice** (1:33) (2:33) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er hæfileikaríku tónlistarfólki. Dómarar þáttarins eru þau Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.

**23.50 CSI: New York** (4:18) (e) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í tæknideild lögreglunnar í New York.

**00.40 Jimmy Kimmel** Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs. Jimmy lætur gamminn geysa og fær gesti sína til að taka þátt í ótrúlegustu uppákomum.

**01.25 Monroe** (6:6) (e)
**02.15 A Gifted Man** (2:16) (e)
**03.05 Jimmy Kimmel** (e)
**04.35 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.15** US Open 2012 (2:4) **10.15** Golfing World **11.05** US Open 2012 (3:4) **17.05** US Open 2012 (4:4) **23.05** PGA Tour - Highlights (33:45) **00.00** ESPN America

### N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





Fögnum 25 ára
**stórafmæli!**

**25%** afsláttur af öllum vörum

augað

Kringlunni 2. hæð | 103 Reykjavík | S: 568 9111

# MAZDA3 ADVANCE

Mazda3 er rúmgóður fjölskyldubíll. Farðu vel með peningana þína.
Fáðu áreiðanlegan Mazda3 sem er góður í endursölu. Mazda3 Advance sameinar sparneytni, lágan rekstrarkostnað og sérlega hagstætt verð. Komdu núna.
Prófaðu Mazda3 Advance núna. Festu þér Mazda3 Advance á góða verðinu strax í dag.

**MAZDA3 ADVANCE FRÁ KR. 3.090.000,-**




Á meðal staðalbúnaðar eru álfelgur 16“, loftkæling, vindskeið á afturhlera, hraðastillir (cruise control) og margt fleira.

MAZDA3

*1,6 bensín 105 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 5,3l/100km, innanbæjar 8,4L/100km og 6,3L/100 km í blönduðum akstri. $Co_2$ losun er 147 g/100 km.

*1,6 dísil 115 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 3,8l/100km, innanbæjar 5,2L/100km og 4,3L/100 km í blönduðum akstri. $Co_2$ losun er 115 g/100 km. Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

*Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

brimborg



*„Ég ætla að leika í þremur sýningum af Gulleyjunni sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld. Þess á milli ætla ég bara að slappa af.“*

Sigurður Þór Óskarsson, leikari

# Elti ungar stjörnur um heiminn

Önnur sería sjónvarpsþátta Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur, Ísþjóðin, hefur göngu sína á sunnudaginn. Að þessu sinni flakkaði Ragnhildur Steinunn heimshorna á milli til að eltast við unga Íslendinga sem eru að gera það gott.

Í fyrsta þætti nýju seríunnar hittir Ragnhildur Steinunn krakkana í hljómsveitinni Of Monsters and Men sem hafa heldur betur slegið í gegn á heimsvísu. Ragnhildur fékk að slást í för með sveitinni er þau voru á tónleikaferðalagi um Bretland og einnig heimsótti hún söngvarana Nönnu og Ragga á æskuslóðum þeirra. „Við vorum viðstödd fyrstu tónleika sveitarinnar í Bretlandi. Þar náði ég tali af nokkrum aðdáendum sem eru á öllum aldri,“ segir Ragnhildur sem skemmti sér vel með sveitinni. „Hljómsveitarmeðlimir eru allt mjög ólíkar týpur, jarðbundnir og skemmtilegir krakkar.“

Fyrsta sería Ísþjóðarinnar mæltist vel fyrir og kemur meðal annars fyrir sjónir finnskra áhorfenda á sjónvarpstöðinni FST þar sem Ísþjóðin verður sýnd á næstunni. Ragnhildur fullyrðir einnig að aðrar norrænar stöðvar hafi sýnt þáttunum mikinn áhuga.

Í nýju seríunni fer Ragnhildur ekki bara í tónleikaferðalag því hún hélt til Mónakó í sumar þar sem hún heimsótti snjóbrettakappann Halldór Helgason sem lifir þar sældarlífi á milli þess sem hann keppir á stórmótum um allan heim. Einnig fá áhorfendur að kynnast leikkonunni ungu Heru Hilmarsdóttur sem leikur hlutverk í myndinni Anna Karenina með stórleikurunum Jude Law og Keiru Knightley en Ragnhildur hitti Heru á tökustað í Wales þar sem hún leikur í sjónvarpsþáttum á vegum BBC.

Ísþjóðin er sýnd á sunnudögum á Ríkissjónvarpinu klukkan 19.40. **-áp**



**RÓLAÐ** Ragnhildur Steinunn rólar með Nönnu, söngkonu Of Monsters and Men, á æskuslóðum hennar í Garði í fyrsta þætti nýrrar seríu Ísþjóðarinnar.






**Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU** Ian McElhinney í Þjóðleikhúsinu þar sem hann leikstýrir Með fulla vasa af grjóti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

IAN MCELHINNEY: STEFÁN OG HILMIR SNÆR MJÖG HÆFILEIKARÍKIR

# Game of Thrones-leikari leikstýrir í Þjóðleikhúsinu

„Þeir eru yndislegir náungar og það er mjög gott að vinna með þeim,“ segir norður-írski Game of Thrones-leikarinn Ian McElhinney, sem leikstýrir Stefáni Karli Stefánssyni og Hilmi Snæ Guðnasyni í leikritinu Með fulla vasa af grjóti.

Leikritið er að fara aftur á svið eftir langt hlé og sem fyrr leika Stefán Karl og Hilmir Snær öll fjórtán hlutverkin og aftur er McElhinney leikstjóri. Með fulla vasa af grjóti var frumsýnt á Íslandi í árslok 2000 og fékk frábærar viðtökur. Sýningarnar urðu alls 180 og yfir fjörutíu þúsund manns sáu verkið.

„Núna tólf árum síðar erum við mættir aftur. Strákarnir eru eldri en einnig betri og reyndari leikarar. Þeir eru líka á réttari aldri fyrir hlutverkin. Þeir eru báðir mjög hæfileikaríkir og búa yfir miklum aga sem er nauðsynlegt fyrir svona tveggja manna sýningu á stóru sviði,“ segir McElhinney.

Það var eiginkonan hans, Marie Jones, sem samdi Með fulla vasa af grjóti árið 1996. Fyrst var leikritið sýnt á Írlandi og fékk ágætar viðtökur en þegar McElhinney tók við leikstjórninni þremur árum síðar, eða árið 1999, breyttu þau áherslum og leikritið sló í gegn á Írlandi. Það var í framhaldinu sýnt á West End í London, á Broadway og víða um heim. Sjálfur hafði McElhinney ekki leikstýrt því í mörg ár, eða fyrr en núna þegar hann sneri aftur í Þjóðleikhúsið.

Auk þess að leika í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones hefur McElhinney leikið í tveimur sjónvarpsþáttaröðum að undanförnu, eða The Fall með Gillian Anderson úr X-Files í aðalhlutverkinu, og í Titanic: Blood and Steel sem fjallar um smíði Titanic-skipsins.

**freyr@frettabladid.is**

### LEIKUR RIDDARA Í GAME OF THRONES

Ian McElhinney leikur riddarann Barristan Selmy í fyrstu þáttaröð bandarísku sjónvarpsþáttaraðarinnar Game of Thrones. Hann kemur ekkert við sögu í annarri þáttaröðinni sem var tekin upp hér á landi en snýr aftur í þeirri þriðju.

„Ég má ekki segja hvað gerist næst í þáttunum en í bókunum hverfur Barristan en snýr aftur. Þá verður hann í mun stærra hlutverki,“ segir McElhinney. „Ég veit að hluti af næstu þáttaröð Game of Thrones verður tekinn upp á Íslandi en ég mun ekki leika hérna. Atriðin á Íslandi eru tekin upp fyrir kalt loftslag en ég leik í atriðunum fyrir heitara loftslag.“

Aðspurður segist McElhinney hafa mjög gaman af hlutverkinu. „Það verður líka skemmtilegra með tímanum. Þessi persóna er mikill riddari. Ég þurfti ekki að sýna það í fyrstu þáttaröðinni heldur urðu áhorfendur bara að trúa því. Ég þurfti því ekki að leika mér mikið með sverð en í næstu þáttaröð fæ ég meira að gera og ég hlakka til að leika í henni.“



# Eiginkonan í aðalhlutverki

„Vinnuheiti myndarinnar er Harmsaga og ég skrifa handritið og kem til með að leikstýra henni,“ segir Mikael Torfason, kvikmyndasmiður og ritstjóri.

Mikael er nú með sína aðra kvikmynd í vinnslu og voru fyrstu prufur fyrir hana skotnar á þriðjudaginn. Síðasta mynd hans, Gemsar, kom út árið 2002. „Þetta er rammíslensk morðsaga,“ segir Mikael en það er engin önnur en eiginkona hans Elma Stefanía Ágústsdóttir sem fer með annað aðalhlutverkið, á móti Hirti Jóhanni Jónssyni.

Kvikmyndamiðstöð Íslands veitti Mikael handritsstyrk fyrir myndinni og fjáröflunarferli hennar fer í gang eftir áramót. „Grunnurinn að handritinu er að koma saman svo nú er hægt að fara að prufa sig áfram,“ segir hann en ZikZak mun framleiða myndina.

Mikael tók við starfi sem ritstjóri Fréttatímans nú í lok ágúst og aðspurður segist hann ætla að sinna því samhliða myndinni þegar þar að kemur.

**- trs**



**HARMSAGA** Mikael Torfason er með nýja mynd í vinnslu. Hún ber vinnuheitið Harmsaga og er rammíslensk morðsaga.

MYND/HARI


Flaggaðu yfir helgina!
Flaggaðu sjóræningja-fánanum þínum og þú gætir unnið leikhúsferð fyrir fjölskylduna. Nánar Facebook-síðu Borgarleikhússins.
Gulleyjan
Ævintýralegasta fjársjóðsleit allra tíma
Geisladiskurinn kominn í búðir!
Skelltu þér í áskrift!
Frumsýnt í kvöld kl. 19
UPPSELT
lau. 15/9 kl. 19 UPPSELT
sun. 16/9 kl. 16 UPPSELT
lau. 22/9 kl. 14 örfá sæti
sun. 23/9 kl. 16 örfá sæti
sun. 23/9 kl. 19 örfá sæti
lau. 29/9 kl. 14 örfá sæti
sun. 30/9 kl. 16 örfá sæti
sun. 30/9 kl. 19
Íslandsbanki
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Áberandi skrímsli

Of Monsters and Men er áberandi þessa dagana. Nýtt myndband við lagið Mountain Sound, sem var að mestu tekið upp á tónleikum sveitarinnar í Hljómskálagarðinum í júlí, var frumsýnt í gær og á miðvikudag kom í ljós að annar smellur, Little Paws, hljómar í auglýsingu fyrir nýja Iphone 5-símann. Slík auglýsing kemur sér vafalítið vel en tenging Of Monsters and Men við vörur frá Apple lýkur ekki þar. Á hönnunarsíðunni Redbubble. com er hægt að kaupa hulstur fyrir Iphone og Ipod með merki sveitarinnar fyrir um 7.000 krónur íslenskar.



### Fagnaðarefni

Í pistli á Pressunni.is í gær upplýsir **Hannes Hólmsteinn Gissurarson**, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, að hann „muni svara mörgu í fyrirlestrum á næstunni." Vísar hann þar til fjögurra opinberra fyrirlestra sem hann heldur, þann fyrsta um komandi helgi og þann síðasta í nóvemberbyrjun. **Dagur B. Eggertsson**, varaformaður Samfylkingarinnar, gerir færslu Hannesar að umtalsefni á Facebook-síðu sinni. „Skoðunum Hannesar Hólmsteins vex nú ásmegin í Sjálfstæðisflokknum eftir „nokkurt hrun" og verður það að teljast sérstakt fagnaðarefni að hann ætli að láta rækilega til sín taka á kosningavetri," skrifar Dagur.

**- kg, óká**



## Mest lesið vísir

1. Var djúpt sokkin ofan í skafl
2. Tófan komin í "hlaðborð" eftir fárviðrið
3. Kæra lausagöngu sauðfjár
4. Elsta litkvikmynd heimsins fannst á safni í Englandi
5. Fisflugvél eyðilagðist í lendingu á Egilsstaðaflugvelli





